# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

294. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 13. DESEMBER 2016




Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, skilaði í gær stjórnarmyndunarumboði til Guðna Th. Jóhannessonar forseta. Hann ákvað í kjölfarið að veita engum umboðið en hann segir alvarlega stöðu komna upp við stjórnarmyndun og sendi flokksleiðtogum skýr skilaboð um ábyrgð þeirra við myndun stjórnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Sigurður Ingi Friðleifsson skrifar um útblástur og offitu. 12

**SPORT** Róbert Gunnarsson kveður eftir 15 ára feril. 16

**MENNING** Ævintýrabragur en sögusviðið íslenskt í sögunni Lukka og hugmyndavélin. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015











# Ungt fólk í skuldafeni

**Hlutfall ungs fólks sem leitar til umboðsmanns skuldara hefur tekið kipp í ár. Neysluskuldir setja fólk í vanda. Umboðsmaður skuldara hefur áhyggjur.**

**EFNAHAGSMÁL** Hlutfall ungs fólks sem leitar til umboðsmanns skuldara hefur vaxið verulega frá bankahruni og tekið kipp í ár. Ástæðan er vandræði vegna neysluskulda. „Já, við erum að sjá þennan hóp stækka hjá okkur og hópurinn sem er að leita til okkar hefur breyst mikið,“ segir Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara. Á sama tíma og fleiri leiti til stofnunarinnar vegna neysluskulda komi færri vegna fasteignalána.

Ásta hefur áhyggjur af því úrvali tilboða sem er á markaðnum í dag þar sem fólk er hreinlega hvatt til skuldsetningar, til dæmis með Netgíró. „Maður hefur áhyggjur af því miðað við fortíðina,“ segir hún.

### Hlutfall ungs fólks af þeim sem sækja um greiðsluaðlögun




Þá hefur hún áhyggjur af mikilli neyslu fyrir jólin og hvaða afleiðingar hún hafi eftir hátíðarnar. „Fólk þarf að stíga varlega til jarðar,“ segir hún og varar við tilboðum sem feli nánast í sér að fólk geti frestað greiðslum vegna jólanna. „Það kostar alltaf að taka lán, sama í hvaða formi það er. Hvort sem það er yfirdráttarheimild eða raðgreiðslur. Fólk þarf að kynna sér vel alla skilmála og hvað þetta í raun og veru kostar. Það þarf að gera áætlun,“ segir hún.

Rannsóknarsetur verslunarinnar birti spá um jólaverslun undir lok síðustu viku. Þar segir að gert sé ráð fyrir að jólaverslun aukist um 10,3 prósent frá síðasta ári og að velta í smásöluverslun verði um 85 milljarðar króna án virðisaukaskatts í nóvember og desember. Það yrði mesti vöxtur í jólaverslun á milli ára frá bankahruninu. – jhh

## Fyrsta strokið misheppnaðist

**FANGELSISMÁL** Ungur karlmaður reyndi að strjúka úr fangelsinu á Hólmsheiði um helgina. Samkvæmt heimildum klifraði fanginn ungi yfir innra grindverk á fangelsislóðinni og komst þaðan yfir á öryggissvæði, eins konar einskismannsland. Það svæði er svo girt af með ytri girðingu en fanginn var handsamaður áður en hann komst þar yfir. – aó







## Veður




Gengur í suðaustanhvassviðri eða -storm með rigningu í dag, en hægara og úrkomulítið norðaustanlands. Hlýnandi veður. SJÁ SÍÐU 20

# Allir öruggir á barnum



Reykjavíkurborg, Samtök ferðaþjónustu, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins skrifuðu í gær undir samkomulag um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Þeir skemmtistaðir sem taka þátt í samkomulaginu verða með sérstakar merkingar þar sem fram kemur að þeir standi vörð um öryggi gesta sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Segja loforð um lækkun svikin

**EFNAHAGSMÁL** Samtök atvinnulífsins segja skorta efndir á loforðum um lækkun tryggingagjalds í bandormsfrumvarpinu svokallaða.

Segja samtökin að í samkomulagi sem gert var í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði í byrjun þessa árs hafi verið samið um lækkun tryggingagjalds um 0,5 prósent á þessu ári og 0,5 prósent á næsta ári. Einnig hafi verið handsalað samkomulag um að almenna tryggingagjaldið færi í fyrra horf á árinu 2018.

„SA skora á efnahags- og viðskiptanefnd að efna samkomulag stjórnvalda og SA þannig að lækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,5% á árinu 2017 verði hluti af lögum um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017,“ segir í umsögn sem samtökin sendu efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. **– jhh**



Hannes Sigurðsson, framkvæmdastjóri SA.

## Þéna minna en foreldrarnir gerðu

**BANDARÍKIN** Helmingur allra þrítugra Bandaríkjamanna, eða 49 prósent, þénar minna en foreldrar þeirra gerðu á sama aldri. Fyrir 40 árum voru þeir sem þénuðu minna en foreldrarnir átta prósent. Þetta eru niðurstöður könnunar hagfræðinga og félagsfræðinga frá háskólunum Stanford, Harvard og Kaliforníuháskóla.

Á árunum 1970 til 2000 fækkaði þeim sem þénuðu meira en foreldrarnir úr 92 prósentum í 58 prósent. Það eru einkum laun millistéttarinnar sem hafa staðið í stað. **– ibs**

## Hreiðar Már vill tíu milljónir

**DÓMSMÁL** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, fer fram á að íslenska ríkið greiði honum tíu milljónir króna í miskabætur vegna meintra tengsla sérstaks saksóknara við héraðsdómara.

Í gær var sagt frá því að Hreiðar Már hefði stefnt ríkinu meðal annars sökum þess að hlerunarbeiðnir sérstaks saksóknara hafi verið stimplaðar af Benedikt Bogasyni hæstaréttardómara, þá dómara við Héraðsdóm Vesturlands. Með því vill Hreiðar meina að embættið hafi valið sér dómara.

Benedikt Bogason og Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari og fyrrverandi sérstakur saksóknari, unnu um skeið saman hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði auk þess sem Ólafur var sýslumaður á Vesturlandi um skeið.

Forstjórinn fyrrverandi telur að þessi háttur mála hafi skapað honum rétt til miskabóta. **– jóe**





Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA OG UNGMENNA

Sölutímabil 2. – 16. desember

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA


# Samningar samþykktir en grasrótin óánægð

**Naumur meirihluti grunnskólakennara samþykkti kjarasamning í gærkvöldi. Kjaradeilan varð til þess að hundrað kennarar sögðu upp störfum. Óvíst hvort uppsagnir verða dregnar tilbaka. Grasrótin kallar eftir afsögn forystu kennara.**

**KJARAMÁL** „Ég er svekkt yfir því að samningurinn hafi verið samþykktur. Mér finnst ekki hafa verið hlustað á háværar raddir kennara,“ segir Sigrún Björk Cortes, kennari við Melaskóla í Reykjavík.

Naumur meirihluti félagsmanna í Félagi grunnskólakennara samþykkti nýgerðan kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga í atkvæðagreiðslu sem lauk í gær. Um það bil 55 prósent samþykktu samninginn en um 43 prósent höfnuðu honum. Mikil þátttaka var í kosningunni og tók um 91 prósent félagsmanna afstöðu til samningsins.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir niðurstöðuna ekki hafa komið sérstaklega á óvart. „Það var mjög ánægjulegt að sjá hve mikil kosningaþátttakan var. Við í Félagi grunnskólakennara ásamt trúnaðarmönnum grunnskólakennara hvöttum félagsmenn eindregið til þess að taka afstöðu. Okkur þótti mikilvægt að fá góða þátttöku til þess að styrkja niðurstöðuna, hver sem hún hefði orðið,“ segir Ólafur.

Félag grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga skrifaði undir samninginn þann 29. nóvember. Samningurinn var sá þriðji sem borinn var á borð kennara á árinu. Fyrstu tveimur samningunum höfnuðu kennarar.

„Veruleg launahækkun var aðalkrafa kennara. Hana sé ég ekki í þessum tæpu ellefu prósentum sem okkur eru boðin í þessum samningi,“ segir Sigrún. Hún segir það segja ákveðna sögu að kennarar hafi tvisvar á árinu hafnað samningum frá sömu samninganefnd. „Samninganefndinni hefur ekki orðið nægilega mikið ágengt og alls ekki með þessum þriðja samningi sem er að mínu mati ákveðin útfærsla á hinum tveimur. Hugsanlega er þessi samninganefnd orðin þreytt og kannski er kominn tími á nýtt blóð,“ segir Sigrún.



Samningarnir sem samþykktir voru í gær voru undirritaðir hjá ríkissáttasemjara þann 29. nóvember síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Veruleg launahækkun var aðalkrafa kennara. Hana sé ég ekki í þessum tæpu ellefu prósentum sem okkur eru boðin í þessum samningi.
>
> Sigrún Björk Cortes, kennari við Melaskóla

Háværar raddir innan grasrótar kennara hafa kallað eftir afsögn forystu kennara. Aðspurður hvort að komi til greina segir Ólafur að ekki hafi verið tekin ákvörðun um það. „Við þurfum auðvitað alltaf að skoða okkar stöðu. Tveir kjarasamningar voru felldir hjá okkur en sá þriðji var samþykktur þannig að við þurfum að meta hvernig málin liggja. Engin ákvörðun hefur verið tekin um framhaldið en við munum funda síðar í vikunni,“ segir Ólafur.

Kjaradeila kennara varð til þess að rúmlega hundrað grunnskólakennarar sögðu upp störfum. Ólafur segist ekki vita hvort samþykkt samningsins verði til þess að kennarar dragi til baka uppsagnir sínar en hann vonast til þess. „Hvort fólk sem hefur sagt upp dregur uppsagnirnar til baka eða ekki, þá er óánægjan enn til staðar,“ segir Sigrún.

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er nú eina aðildarfélag Kennarasambands Íslands sem er án kjarasamnings en það hefur verið í þeirri stöðu síðan 1. nóvember 2015.

thorgeirh@frettabladid.is


JÓLAPAKKAR Í ÚRVALI
MJÚKAR OG HARÐAR
MILLJÓNIR
DRÖGUM
Í DAG
Fáðu þér miða
á hhi.is fyrir
kl. 18.00
MILLJÓNIR
10 MILLJÓNIR Á EINN MIÐA
HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
Vænlegast til vinnings
PIPAR\TBWA • SÍA • 165456

# Betri nýting orkuauðlinda með nýjum samningum

**ORKUMÁL** Landsvirkjun hefur lokið samningagerð við sex sölufyrirtæki rafmagns. Um er að ræða nýtt fyrirkomulag samninga sem taka gildi um næstu áramót. Þetta nýja fyrirkomulag felur í sér mikilvæga breytingu fyrir Landsvirkjun því um leið og það tekur gildi renna út samningar sem voru gerðir árið 2005 og hafa gilt í 12 ár.

Landsvirkjun gerði stóra rafmagnssamninga við sex sölufyrirtæki um sölu á raforku árið 2005. Samningarnir voru til eins, fimm, sjö og tólf ára. Nú um áramótin renna út samningarnir sem voru til tólf ára. Sölufyrirtækin eru Orkusalan, Orka náttúrunnar, HS Orka, Fallorka, Orkubú Vestfjarða og Rafveita Reyðarfjarðar. Landsvirkjun selur ekki rafmagn beint til heimila eða smærri fyrirtækja heldur á heildsölumarkaði til sölufyrirtækja sem selja það áfram til endanotenda. Sölufyrirtækin kaupa hluta orku sinnar af Landsvirkjun en vinna einnig hluta í eigin virkjunum. Um 20 prósent af rafmagnssölu Landsvirkjunar eru seld með þessum hætti, en 80 prósent fara til stórnotenda.

Með nýju fyrirkomulagi samninga þurfa sölufyrirtækin ekki lengur að binda aflkaup sín yfir heilt ár í senn. Rafmagnsnotkun er að jafnaði minni yfir sumarmánuðina og því geta sölufyrirtækin náð verulegri hagræðingu í innkaupum sínum með því að kaupa minna afl á þeim tíma.

**» Endursöluverð á raforku til heimila gæti lækkað um 2,6% með hinu nýja fyrirkomulagi.**

Landsvirkjun getur nýtt tækifærið og skipulagt viðhaldsverkefni betur en áður og selt þeim sem á þurfa að halda afl með styttri fyrirvara. Nýja fyrirkomulagið bætir þannig nýtingu orkuauðlinda landsins og eykur sveigjanleika orkufyrirtækja til að bregðast við breyttum aðstæðum í rekstri.

Samkvæmt áætlunum sölufyrirtækjanna sex um innkaup rafmagns til endursölu til heimila og smærri fyrirtækja mun meðalverð lækka um 2,6 prósent á föstu verðlagi milli ára með tilkomu nýju samninganna. Það er svo undir sölufyrirtækjunum komið hvort þessi hagræðing skilar sér til neytenda – heimila og smærri fyrirtækja. **– shá**



**Án samninganna hefði í raun þurft að stækka virkjanir sem nemur stækkun Búrfellsvirkjunar – eða tæplega 150 MW.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Notum kreditkortið mun oftar en aðrir

**Í samanburði við tuttugu Evrópulönd er sérstaða Íslands greinileg hvað varðar notkun á kreditkortum við kaup á vörum og þjónustu. Norðmaður greiðir helmingi oftar með debetkorti en við. Víða í Evrópu er kreditkortið svo gott sem aldrei notað og allt staðgreitt.**

**VIÐSKIPTI** Notkun kreditkorta hér á landi er miklum mun algengari við kaup á vöru og þjónustu en í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Við samanburð greiðslumiðlunar á milli ríkja í Evrópu sést að algengast er að debetkort séu notuð í norðanverðri Evrópu – en þar er Ísland undantekningin – en reiðufé í austan- og sunnanverðri Evrópu. Niðurstaðan er að Ísland greinir sig mjög frá hinum Norðurlöndunum hvað varðar notkun greiðslumiðla – svo hægt er að tala um sérstöðu í notkun kreditkorta sem í eðli sínu eru lánaviðskipti.

Þetta kemur skýrt fram í umfjöllun Seðlabanka Íslands (SÍ) í ritinu Fjármálainnviðir.

Í staðgreiðsluviðskiptum komast debetkort næst staðgreiðslu með reiðufé þar sem þau eru tengd innlánsreikningum. Athygli vekur hversu lítil debetkortanotkun er á Íslandi í samanburði við löndin sem næst okkur liggja. Áætluð notkun debetkorta á Íslandi var aðeins um 34 prósent á árinu 2014 en til samanburðar var notkun debetkorta í Noregi helmingi meiri – eða um 68 prósent. Í Danmörku var hlutfallið um 64 prósent og í Svíþjóð um 55 prósent.

Þegar er horft til ýmissa annarra landa Evrópu þá er notkun kreditkorta vart merkjanleg og má þá benda á Belgíu sem dæmi en þar er notkun á reiðufé mun útbreiddari en hér.

Guðmundur Kr. Tómasson, framkvæmdastjóri á sviði fjármálainnviða hjá SÍ, segir að skýringin geti meðal annars legið í ólíkum hefðum og venjum milli landa. Greiðsla með kreditkorti sé í eðli sínu lán og að jafnaði dýrari kostur en greiðsla með debetkorti eða reiðufé.

„Í einhverjum tilvikum kann þó lántaka í formi notkunar kreditkorts að vera hagkvæmari kostur en annað form lántöku. Þá velja margir að dreifa greiðslum yfir lengri tíma til hægðarauka og telja þá leið henta sér best. Þeim sem greiða með kreditkorti bjóðast jafnframt margvísleg hlunnindi tengd notkun kreditkorta sem þeir greiða fyrir að minnsta kosti að hluta til með árgjaldi," segir Guðmundur en bætir við að hér á landi sé hins vegar sjaldnast gerður greinarmunur gagnvart neytendum á verði vöru og þjónustu eftir því hvaða greiðslumiðill er notaður, líkt og til dæmis þekkist í Danmörku, og því ekki sérstakur hvati til að nota ódýrari greiðslumiðla.

Áætluð notkun reiðufjár á Íslandi var sama ár um 20 prósent, eins og í Danmörku en í Noregi var það hlutfall 17 prósent. Í Svíþjóð er notkun reiðufjár mun algengari eða í 38 prósent tilfella. Gera má því ráð fyrir að rúmlega helmingur kaupa íslenskra heimila á vöru og þjónustu hafi verið staðgreiddur á árinu 2014. Hinn hluti kaupanna eða yfir 40 prósent var greiddur með kreditkorti – sem er hærra hlutfall en hjá öllum þeim 20 Evrópulöndum sem Seðlabankinn notar til samanburðar.

**svavar@frettabladid.is**



**Hættur sem fylgja kreditkortanotkun eru vel þekktar – en virðast ekki trufla Íslendinga neitt.** NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES








„... frábært verk ..."
REYNIR TRAUSTASON / STUNDIN

„Falleg og áhrifamikil bók sem engin leið er að leggja frá sér og á erindi við alla."
BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Bókin er skrifuð af mikilli yfirvegun og vel er vandað til verka."
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN





www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39


Rafbraut
um Ísland
Orkusalan gefur öllum sveitarfélögum landsins hleðslustöð
fyrir rafbíla. Verkefnið er einstakt á heimsmælikvarða og
risastórt skref í átt að rafbílavæddu Íslandi. Stuðið er hafið
og áætlað er að afhenda allar hleðslustöðvarnar fyrir jól.
orkusalan
422 1000 | orkusalan@orkusalan.is | orkusalan.is
Finndu okkur á Facebook
Brandenburg / SÍA

# Enginn fær umboð frá Guðna

Guðni sendi flokksleiðtogunum skýr skilaboð um ábyrgð þeirra við myndun ríkisstjórnar. Logi og Birgitta hafa enn trú á því að flokkarnir fimm geti myndað stjórn. Katrín og Benedikt íhuga minnihlutastjórnir.

**STJÓRNMÁL** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, segir alvarlega stöðu komna upp við stjórnarmyndun á Alþingi. Í ljósi sjónarmiða sem komu fram í viðræðum Guðna við flokksleiðtoga í gær ákvað hann að veita engum þeirra umboð til stjórnarmyndunar að sinni. Þetta kemur fram í tilkynningu sem hann sendi frá sér í gærkvöldi.

Píratar skiluðu stjórnarmyndunarumboðinu til forsetans í gær þegar ljóst var að viðræður þeirra við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, Viðreisn, Bjarta framtíð og Samfylkinguna strönduðu. Helstu þrætueplin voru sjávarútvegs-, landbúnaðar- og ríkisfjármál.

„Það er kannski tilefni til þess að skoða myndun utanþingsstjórnar," segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata. Hún segir að ekki sé orðið tímabært að ganga til kosninga á ný og að myndun þjóðstjórnar sé ávísun á engar breytingar.

„Ég hef þó enn þá sannfæringu fyrir því að við gætum náð saman. Þetta er ekki í huga okkar Pírata algerlega fullreynt. En fólk þarf svigrúm núna og þá finnst mér rétt að einhver annar fái að taka keflið," segir Birgitta.

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, er sama sinnis og Birgitta, og telur ekki tímabært að fara að velta fyrir sér myndun þjóðstjórnar. „Það verður mynduð stjórn, hvort það gerist í næstu viku eða þarnæstu mun þurfa að koma í ljós. Ég hef enn trú á því að fimm flokkarnir geti náð saman og myndað stjórn," segir Logi Már.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, segir ekki tímabært að fara að ræða kosningar. „Það er aðeins rétt mánuður liðinn frá kosningum. Menn verða auðvitað að fara að sýna einhverja hugkvæmni og það eru aðrir möguleikar eins og minnihlutastjórnir sem hægt er að skoða," segir Benedikt.



Píratar skiluðu stjórnarmyndunarumboðinu til forsetans í gær. Þeir höfðu haft umboðið í tíu daga en höfðu ekki erindi sem erfiði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það er kannski tilefni til þess að skoða myndun utanþingsstjórnar.
>
> Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata

„Fólk þarf kannski að fara að hugsa út fyrir kassann. Það er eðlilegt að það hafi verið reynt við meirihlutastjórnir en einhverjir möguleikar eins og minnihlutastjórnir hljóta núna að koma til skoðunar," segir Katrín Jakobsdóttir, formaður VG.

Formaður Bjartrar framtíðar, Óttarr Proppé, segist ekki vera með neinar frábærar hugmyndir um hver næstu skref ættu að vera. „Ég held, eftir að hafa verið í viðræðum sleitulaust frá kosningum, þá sé ágætt fyrir mig að geyma spámanninn aðeins og leyfa öðrum að finna út úr því hver næstu skref séu," segir Óttarr.

Guðni segist vænta tíðinda frá flokksleiðtogunum í þessari viku. Hann minnti þá jafnframt á ábyrgð þeirra og skyldu um að ná samkomulagi um myndun ríkisstjórnar.
**thorgeirh@frettabladid.is**

# Vilja 435 milljónir í bætur vegna friðunar

**SKIPULAGSMÁL** Forsætisráðuneytið hafnaði í gær bótakröfu tveggja húseigenda vegna friðunar á tveimur húsum hér í borg. Samanlögð bótakrafa hljóðaði upp á um 435 milljónir króna.

Húsin tvö sem um ræðir eru Klapparstígur 19 og Holtsgata 5 í póstnúmeri 101. Með gildistöku laga um menningarminjar árið 2013 voru bæði húsin friðuð þar sem rúmlega hundrað ár voru frá því þau voru reist. Áður höfðu eigendur þeirra farið fram á að friðunin yrði felld úr gildi en því var hafnað.

Í núgildandi deiliskipulagi Reykjavíkurborgar hefur verið heimilað að rífa bæði húsin en friðun þeirra stendur í vegi fyrir því. Telja eigendur að með því sé gengið á rétt þeirra og því eigi þeir rétt á bótum. Í lögum um menningarminjar er að finna bótaákvæði en það er skilningur Minjastofnunar að svo að til bóta geti komið verði stofnunin að eiga einhvern þátt í friðuninni. Svo var ekki í þessum tilfellum þar sem húsin hafi friðast sjálfkrafa með gildistöku laganna. Forsætisráðuneytið hefur fallist á túlkun stofnunarinnar og hafnar því bótaskyldu. **– jóe**



Þetta hús við Klapparstíg er annað þeirra húsa sem voru friðuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Eva Joly vill stofna saksóknaraembætti á vegum ESB. NORDICPHOTOS/AFP

## Evu Joly gremst afstaða Svía

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Eva Joly, Evrópuþingmaður og fyrrverandi saksóknari í Frakklandi, er vonsvikin yfir því að Svíar skyldu vera á móti stofnun saksóknaraembættis innan Evrópusambandsins, ESB.

Eftir miklar umræður í Brussel á fimmtudaginn var ákveðið að fresta málinu. Mótbárur hafa komið frá ýmsum löndum en Svíar voru harðastir í afstöðu sinni gegn tillögunni.

Fulltrúar fjölda aðildarlanda ESB, auk meirihluta á Evrópuþinginu, hafa um langt skeið haldið því fram að hertar aðgerðir þurfi gegn grófu svindli sem tengist alls konar ESB-styrkjum.

Það er mat Joly að óháðir saksóknarar þurfi að rannsaka slík mál. Nú séu það eingöngu saksóknarar í hverju landi fyrir sig sem rannsaki svindl með fé frá sambandinu. **– ibs**

## Erfitt að fá bóluefni

**HEILBRIGÐISMÁL** Sóttvarnalæknir keypti 65 þúsund skammta af inflúensubóluefni sem kláruðust snemma í haust eftir að inflúensan gerði óvænt vart við sig í september. Embætti landlæknis segir erfiðlega hafa gengið að fá meira bóluefni en tryggðir hafa verið fimm þúsund skammtar frá Finnlandi, sem verði dreift til heilsugæslunnar og verði áhættuhópar hafðir í forgangi við bólusetningu.

Eftir að inflúensa var staðfest hjá 12 einstaklingum í september síðastliðnum hefur hún nú greinst aftur hjá tveimur einstaklingum í vikunni. Á vef Landlæknis segir að ekki sjáist merki um útbreiðslu inflúensunnar í samfélaginu um þessar mundir því tiltölulega fáir einstaklingar hafi greinst með inflúensulík einkenni í heilsugæslunni. **– jhh**

**LEIÐRÉTTING**

*Sigríður Ásta Olgeirsdóttir, höfundur aðsendrar greinar í Fréttablaðinu á föstudaginn, var ranglega nefnd Ásta Sigríður. Beðist er velvirðingar á mistökunum.*





„Vel skrifuð og lærdómsrík lesning."
Anna Eyjólfsdóttir hjúkrunarfræðingur

„Takk fyrir yndislega bók ... Hún er svo mikil gjöf; fallega einlæg og skrifuð af örlæti og einstakri mannást. Það er svo gott að lesa hana."
Auður Jónsdóttir rithöfundur

„Bók sem þorir að tala um allt. Viðkvæm og falleg samskipti við börn, maka, samferðafólk."
Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur



www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu










*Hið eina sanna!*

## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

*Minna salt, sama bragð!*

## Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

# EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL










24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

Jólin vaxtalaus

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Fleiri Afganar fá líklega hæli eftir nýtt mat Svía

**SVÍÞJÓÐ** Dómsmála- og innflytjendaráðherra Svíþjóðar, Morgan Johansson, telur að fleiri Afganar fái hæli í Svíþjóð í kjölfar nýs mats sænsku innflytjendastofnunarinnar á ástandinu í Afganistan.

Stofnunin ályktar sem svo að vopnuð átök séu í öllum 34 héruðum landsins. Í fréttatilkynningu er bent á að átökin séu þó mismikil í héruðum.

Vegna þessa mun innflytjendastofnunin verða varkárari þegar hún tekur ákvörðun um hverjir eigi að fá hæli í Svíþjóð. **– ibs**



**Vopnuð átök eru nú sögð vera í öllum héruðum Afganistans.** NORDICPHOTOS/AFP







## Eftirlitsferð um Aleppo



**Liðsmenn sýrlenska stjórnarhersins á ferð um götur Aleppoborgar, sem stjórnin hefur nú að mestu náð úr höndum uppreisnarmanna.** NORDICPHOTOS/AFP

# Lökustu skólarnir halda áfram að dragast aftur úr

**Niðurstöður samræmdra prófa benda til þess að áfram sé vaxandi getumunur á milli nemenda á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Reykjanesbær kemur vel út úr prófunum í stærðfræði. 25 skólar skora langt fyrir neðan landsmeðaltal.**

**SKÓLAMÁL** Þeir 25 grunnskólar sem sýna virkilega laka niðurstöðu úr samræmdum prófum í stærðfræði fyrir 7. bekk dala langflestir í einkunn frá því sem verið hefur síðastliðin ár. Aðeins tveir skólar hafa bætt sig marktækt þrátt fyrir að falla enn í þann flokk að vera fyrir neðan landsmeðaltal.

Menntamálastofnun hefur lokið við að fara yfir samræmd könnunarpróf sem tekin voru í haust af nemendum í fjórða og sjöunda bekk um land allt. Niðurstöður prófanna eru gefnar á kvarða þar sem 30 er meðaltal. Stigaskor skólanna frá 29 til 31 þykir innan meðaltals en allt fyrir neðan 28 þykir slæm útkoma fyrir skólana og allt fyrir ofan 32 þykir mjög góð útkoma.

Eins og áður segir fá 25 skólar niðurstöður úr könnunarprófunum sem eru fyrir neðan 28, sá lægsti er Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar sem skorar 19,64 stig. Aðrir 25 skólar þykja fá framúrskarandi niðurstöðu úr könnunarprófunum, sá hæsti er Myllubakkaskóli í Reykjanesbæ með 37,91 stig.

Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, segir að niðurstöður prófanna bendi til þess að enn dragi í sundur með höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Sami munur kom fram í PISA-könnununum sem kynntar voru fyrr í þessum mánuði. „Það er mikið áhyggjuefni,“ segir Arnór.

Arnór segir Menntamálastofnun hafa bent á að stuðningur við skólana skipti þarna miklu máli. „Stærstu sveitarfélögin hafa jafnvel stórar fræðsluskrifstofur og geta veitt skólunum faglegan stuðning. Í smærri sveitarfélögum er þetta kannski í höndum skólanefndar sem hefur ekki þekkingu til að sinna þessu. Þessi umræða sem núna er í gangi varðandi sameiningu sveitarfélaga snýr að því að með færri og sterkari einingum getum við stutt við þessari stofnanir.“



**Nemendur í 7. bekk í Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ stóðu sig áberandi best í samræmdum könnunarprófum í stærðfræði sem fram fóru í haust.** NORDICPHOTOS/AFP

Arnór bendir á að lítill stuðningur við skólana leiði út frá sér. „Kennarar finna ekki fyrir stuðningi og bestu kennararnir leita þá annað. Það er margt sem spilar inn í þegar verið er að manna skólana.“

Í Reykjanesbæ eru sex grunnskólar en þrír þeirra komast á lista yfir þá skóla sem best koma út úr samræmdu prófunum í stærðfræði. Enginn af skólunum í Reykjanesbæ kemst á lista yfir þá skóla sem verst gengur. Arnór bendir á að þetta sé afleiðing þess að Reykjanesbær hafi nýtt samræmdu prófin til að betrumbæta grunnskóla bæjarins í stað þess að stinga niðurstöðunni ofan í skúffu. „Sveitarfélagið notaði samræmd könnunarpróf og setti sér markmið út frá þeim um að ná meðaltali. Þannig hefur sveitarfélagið getað fylgt markmiðunum eftir.“

Hann segir hins vegar að tilhneiging sé til þess innan skólanna að taka þau skilaboð sem prófin senda skólunum ekki nægilega alvarlega. Árangur Reykjanesbæjar sýni svart á hvítu að þau geti nýst til að bæta skólana.

**snaeros@frettabladid.is**

# HARÐIR PAKKAR

TOPTUL®


1.990 m/vsk


4.712 m/vsk


7.900 m/vsk


2.970 m/vsk


2.614 m/vsk


5.320 m/vsk

## VERKFÆRAVAGN

157 verkfæri 119.900 m/vsk




TILBOÐ

## SKRÚFJÁRN SETT 58 STK

Skrúfjárn og bitar
Segulhaldari
Torx, Slétt PZ, PH, Sexkantur
Sterk plasttaska

vnr IBTGAAI5801

**8.198** m/vsk
Fullt verð 11.712



## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**12.252** m/vsk
Fullt verð 17.502



## TOPPLYKLASETT 28 ST

Toppar 1/2" 4 - 32 mm
Skrall, framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2802

**7.584** m/vsk
Fullt verð 10.763



## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**18.509** m/vsk
Fullt verð 28.476



## VERKFÆRASETT 106 STK

1/4" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm
Lyklar 6 - 22 mm
Bitasett, sexkantbitar og fl.

VNR IBTGCAI106B

**17.900** m/vsk
Fullt verð 25.800



## VERKFÆRASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

TGCAI151R

**21.657** m/vsk
Fullt verð 30.910




**www.sindri.is / sími 575 0000**

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

Málverkasýning Jóhanns Tryggvasonar



Málverkasýningin er að Garðatorgi 7, Garðabæ, gengið inn á torginu meðfram turni. Vífilstaðvegs megin.

Þegar inn á torgið er komið er sýninginn í öðru bili frá hægri.

Sýninginn verður opin frá 14. til 16. desember. Frá kl. 13:00 til 17:00 alla dagana.

Nánari upplýsingar í síma 897-7307



Töluverðar sótskemmdir urðu af völdum brunans. MYND/BOLLI

# Presti brugðið þegar kviknaði í Laufáskirkju

**BRUNI** „Þetta leit nú ekki vel út í byrjun," sagði Bolli Pétur Bollason, sóknarprestur í Laufási, þegar Fréttablaðið hringdi í hann í gær. Eldur kom upp í kirkjunni. Snarlega tókst að slökkva hann og var kirkjan reykræst. „Það eru miklar reykskemmdir og sviðinn veggur þar sem logaði. En það var brugðist skjótt og vel við þannig að þetta bjargaðist," segir Bolli. Hann segist hafa fengið boð um eldinn frá Öryggismiðstöðinni og farið strax að skoða hvers kyns var. „Þá var hérna svolítill eldur í horninu og svartur reykur," segir hann. Bolli segir að sér hafi verið brugðið en þetta sé ekki fyrsta áfallið sem kirkjan verður fyrir á þessu ári. „Það var snjóflóð fyrr á árinu þar sem kirkjan var heppin að sleppa. Þetta hefur því verið mikið ár fyrir þessa kirkju en hún hefur staðið þetta af sér, nýorðin 150 ára," segir hann. **– jhh**



Töfraprestar njóta mikilla vinsælda og jafnvel virðingar meðal almennings í Suður-Kóreu, ekki ósvipað stjörnuspáfólki og læknamiðlum á Vesturlöndum. NORDICPHOTOS/AFP

# Vinkonan varð forseta að falli

**Suður-Kóreubúar geta þurft að að bíða í hálft ár eftir því hvort hæstiréttur staðfestir embættissviptingu forseta landsins, en hún er sögð hafa látið vinkonu sína draga sig inn í spillingarmál.**

**SUÐUR-KÓREA** Á laugardaginn mættu tugir þúsunda Suður-Kóreumanna út á götur höfuðborgarinnar Seúl, enn eina ferðina, til að krefjast þess að Park Geun-Hye forseti láti tafarlaust af völdum.

Daginn áður hafði þjóðþing landsins samþykkt að svipta hana völdum vegna embættisglapa. Hwang Kyo-ahn forsætisráðherra tekur við völdum hennar til bráðabirgða, meðan hæstiréttur landsins tekur afstöðu til embættissviptingarinnar. Það gæti tekið hálft ár.

Mannfjöldinn á laugardag mætti bæði til að fagna sigri eftir margra vikna fjöldamótmæli gegn Park, en um leið til að lýsa óþoli sínu gagnvart því að Park hafi ekki endanlega sagt skilið við stjórnmálin.

Hafni hæstiréttur embættissviptingunni tekur hún aftur við völdum, en staðfesti dómstóllinn hana þá verður efnt til kosninga innan tveggja mánaða.

Óþol almennings gagnvart Park spratt nokkuð skyndilega upp í október síðastliðnum, fyrir aðeins tveimur mánuðum, eftir að vinkona hennar, Choi Soon-sil, var handtekin og ákærð fyrir að hafa notfært sér vináttu þeirra til að hagnast persónulega og hafa víðtæk áhrif á stjórn landsins.

Þær Park og Choi hafa þekkst lengi, en Choi er sögð vera það sem kallað er mudang, einhvers konar seiðmaður eða töfraprestur sem Park leiti iðulega til þegar hún þarf ráðleggingar.

Mjög algengt er að íbúar Suður-Kóreu leiti til töfrapresta af þessu tagi, enda þótt flestir virðist gera sér grein fyrir að þar sé um hjátrú og jafnvel loddaraskap að ræða.

Park er sögð hafa leitað fyrst til föður vinkonu sinnar, Choi Tae-min, árið 1974 eftir að móðir hennar var myrt þegar reynt var að ráða föður hennar af dögum, en faðir hennar var Park Chung-hee sem var einræðisherra Suður-Kóreu í tæpa tvo áratugi frá 1963 þangað til hann var svo myrtur árið 1979.

Choi Tai-min var þekktur seiðkarl eða töfraprestur af því tagi sem Suður-Kóreumenn leita enn til í stórum stíl. Hann sagðist geta komið fjölskyldunni í samband við anda móðurinnar myrtu. Smám saman varð hann mikill trúnaðarvinur Parks en þegar frá leið tók dóttir hans við því hlutverki.

Hún er sem sagt sökuð um að hafa misnotað sér þessi nánu vináttutengsl við Park forseta, og Park forseti er sökuð um að hafa látið vinkonu sína komast upp með að misnota tengslin.

Óþol almennings gagnvart þessu virðist þó ekki síst stafa af efnahagslegu óöruggi landsmanna, sem horfa upp á ríka valdafólkið hjálpa kunningjum sínum að auðgast og komast til áhrifa.

Hneykslunaraldan hefur drifið tugi og stundum hundruð þúsunda manna út á götur höfuðborgarinnar hverja helgina eftir aðra frá því í lok október. **gudsteinn@frettabladid.is**







Sendu okkur 5 toppa af Merrild umbúðum* og þú gætir unnið gjafabréf frá Epal að verðmæti 100.000 kr. Einnig verða dregin út 20 gjafabréf frá Epal að verðmæti 20.000 kr. hvert, alls að verðmæti 500.000 kr. Dregið verður 22. desember.

Þátttökuumslög í öllum verslunum. Á Facebook-síðu okkar, Facebook/Merrild á Íslandi, verða birt úrslit auk frekari upplýsinga um leikinn.

*Gildir fyrir alla Merrild pakka.

Þú færð **heyrnartólin hjá okkur**



advania.is/jol

advania Welcome to IT

netto

# JÓLALEIKUR
## NETTÓ OG PEPSI MAX

**KAUPTU KIPPU AF 4X2 L**
**PEPSI EÐA PEPSI MAX**
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFABRÉF Í NETTÓ FYRIR SÖMU UPPHÆÐ OG ÞÚ VERSLAÐIR Í ÞEIRRI FERÐ




**75 HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR FÁ VINNING**

**DREGIÐ 23. DESEMBER**

Þú kaupir kippu af 4x2 l Pepsi eða Pepsi Max, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Pepsikassann í Nettó.

Á Þorláksmessu fá 5 heppnir viðskiptavinir í hverri Nettó verslun gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og er á kassakvittuninni þinni.

pepsi MAX
**ALVÖRU BRAGÐ**
ENGINN SYKUR

# Þingið skiptir mestu í bili



**Hafliði Helgason**
haflidi@frettabladid.is

Önnur tilraun til að mynda fimm flokka stjórn til vinstri fór út um þúfur. Eftir því sem næst verður komist strandaði sem fyrr á ríkisfjármálum og sjávarútvegsmálum.

Enda þótt fulltrúar Pírata væru bjartsýnir í yfirlýsingum um gang viðræðna fór ekki á milli mála að talsvert bar á milli. Fram kom um helgina að fjórir flokkar hefðu náð saman um helstu mál, en vinstri grænir væru utan seilingar. Í miðjum viðræðum steig einnig varaformaður flokksins fram og talaði fyrir annars konar stjórnarmynstri. Af því mátti ráða að ekki væri einhugur um viðræðurnar innan Vinstri grænna.

Yfirlýsing varaformannsins er áhugaverð og lýsir nokkrum klofningi innan Vinstri grænna. Svo virðist sem áhugi sé úti á landi meðal flokksmanna að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Þar muni aðeins eitt mál standa út af borði, en það eru ríkisfjármál. Eining verði um óbreytt ástand í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum.

Á hinum endanum eru flokksmenn á suðvesturhorninu. Baklandið þar getur ekki hugsað sér slíkt mynstur og á þar, og kannski víðar, meiri samleið með Pírötum en eigin flokkssystkinum á landsbyggðinni. Þessi öfl geta hvorki farið í stjórn með Sjálfstæðisflokknum né Framsóknarflokknum með fyrrverandi formann innanborðs.

Staðan er því að verða nokkuð snúin. Fyrirfram er erfitt að sjá að Sjálfstæðisflokkur og vinstri grænir geti mæst í ríkisfjármálum. Það yrði saga til næsta bæjar ef núverandi fjármálaráðherra samþykkti 30 milljarða útgjaldaauka. Ef svo er þá eru Vinstri grænir búnir að dæma sig í stjórnarandstöðu í bili. Draumur sumra Sjálfstæðismanna um aðkomu Vinstri grænna að núverandi ríkisstjórn virðast því afar langsóttir.

Framsóknarflokkurinn hefur staðið utan við viðræður, en enginn nema Sjálfstæðisflokkurinn vill vinna með honum að óbreyttu. Tíminn vinnur hins vegar með þeim. Staða flokksins styrkist með hverri misheppnaðri stjórnarmyndunartilraun án hans.

Það þarf ekki að koma neinum á óvart að forseti skuli nú gefa mönnum ráðrúm til óformlegra þreifinga. Þingið þarf að klára fjárlagafrumvarp og önnur mikilvæg mál og kannski finna menn einhvern hljómgrunn í þeirri vinnu. Í augnablikinu er það stærsta hagsmunamál þjóðarinnar að afgreiða þau mál sem liggja fyrir þinginu.

Ekkert augljóst stjórnarmynstur er í sjónmáli núna. Framsóknarflokkurinn stendur fyrir utan allt og alla á ballinu í augnablikinu, en hver veit nema einhver taki sig til og bjóði maddömunni upp í dans, þó ekki væri nema í tilefni 100 ára afmælisins. Það skyldi þó aldrei vera að sú gamla haldi á mikilvægasta spilinu eftir allt sem á undan er gengið.

**Fyrirfram er erfitt að sjá að Sjálfstæðisflokkur og Vinstri grænir geti mæst í ríkisfjármálum. Það yrði saga til næsta bæjar ef núverandi fjármálaráðherra samþykkti 30 milljarða útgjaldaauka.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hrókeringarnar**
**Þingflokkarnir hafa allir fengið ný herbergi í Alþingishúsinu. Urðu talsverðar breytingar á herbergjaskipan, sem endurspegla breyttan styrk þingflokkanna. Þannig skiptu Framsóknarflokkurinn og Vinstri græn um herbergi. Herberginu sem Samfylkingin hafði til umráða fyrir kosningar var skipt í tvennt og deila þingflokkar Pírata og Viðreisnar því núna. Minnsti flokkurinn á Alþingi, Samfylkingin, verður síðan að gera sér að góðu gamla þingflokksherbergi Píratanna, sem áður hýsti þingmenn Hreyfingarinnar.**

**Gefur góð fyrirheit**
**Bæði VG og Píratar höfðu gert tilkall til græna herbergisins, enda flokkarnir jafn stórir með 10 þingmenn hvor. Þrátt fyrir það fást þær upplýsingar frá skrifstofu Alþingis að breytingarnar á herbergjaskipaninni hafi verið gerðar í mesta bróðerni. Og er ekki rétt að fagna því að andinn í Alþingishúsinu sé nógu góður til þess að menn geti leyst praktísk verkefni eins og að skipta með sér vinnuaðstöðu? Kannski að stemningin verði enn betri á næstu dögum, svo góð að forsendur fari að skapast til þess að mynda nýja ríkisstjórn.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Útblástur og offita



**Sigurður Ingi Friðleifsson**
framkvæmdastjóri Orkuseturs

Enn eru til þeir sem afneita því að loftlagsbreytingar séu af mannavöldum og vilja helst hætta öllum aðgerðum sem stuðla að minni útblæstri kolefnis. Þetta er þægileg afstaða enda er alltaf auðveldast að gera ekki neitt.

Það er samt mikið hugrekki fólgið í því að treysta á að loftslagsbreytingar hafi ekkert með mannlegt eðli að gera. Ég t.d. trúi því ekki að það muni kvikna í húsinu mínu en sannfæring mín nær þó ekki lengra en svo að ég brunatryggi húsið upp í topp og eyði stórfé í reykskynjara, eldvarnateppi og slökkvitæki.

Loftslagsmál eru ekki svo flókin þegar þau eru skoðuð í samhengi við offitu. Gróðurhúsaáhrif eru, sem betur fer staðreynd, enda myndi meðalhiti á jörðinni vera -18°C ef þeirra nyti ekki við. Kolefni í lofthjúpnum virkar sem einangrun þannig að hluti af hitageislum frá jörðu endurkastast til baka og gerir loftslagið bærilegra.

Matur er kolefni og við mannfólkið borðum kolefni til að brenna í frumum okkar þannig að hitinn í okkur verði bærilegur eða 37°C. Kolefnið er því mikilvægt í hitastjórnun jarðar sem og mannslíkamans. Kolefnið sem við brennum í bílum, skipum og orkuverum fer upp í lofthjúpinn og eykur einangrunina. Á sama hátt verður kolefnið sem við brennum ekki í líkamanum að fitu.

Meira kolefni í lofthjúpi myndar meiri einangrun og meiri einangrun veldur minna hitatapi og því hærra hitastigi. Meira af kolefni í líkama okkar veldur meiri fitu og þar með meiri einangrun. Mælingar sýna að styrkur kolefnis eykst hratt í lofthjúpi og hefur aldrei verið meiri. Mælingar sýna einnig að offita eykst á Vesturlöndum og hefur aldrei verið meiri. Við brennum kolefni í formi olíu, kola og gass, í mörg hundruð sinnum meira magni en binst í gróðri. Allt of margir innbyrða miklu meira af kolefni í formi fæðu en þeir brenna með hreyfingu. Þess vegna eykst einangrun í lofthjúpi og utan á mannfólki. Spurningin er því, þurfum við að bregðast við eða er offita kannski ekki af mannavöldum?

**Loftslagsmál eru ekki svo flókin þegar þau eru skoðuð í samhengi við offitu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



# Aukið álag á heilbrigðiskerfið vegna vaxandi ferðamennsku





**Hrönn Garðarsdóttir**
yfirlæknir Heilsugæslunnar á Egilsstöðum

**Jón H. H. Sen**
forstöðulæknir Umdæmissjúkrahúss Austurlands

Vöxtur ferðaþjónustu á Íslandi hefur verið gríðarlegur á allra síðustu árum og spár gera ráð fyrir því að ferðamannafjöldinn muni halda áfram að aukast. Þessari fjölgun ferðamanna fylgja margar áskoranir og hefur álagið á innviði landsins aukist mikið í takt við hana. Þannig hefur t.d. álag á vegakerfið aukist mikið og hefur sá vandi fengið talsverða umfjöllun og tíðrætt er um úrbætur.

Minna hefur farið fyrir umfjöllun um aukið álag á heilbrigðiskerfið. Mest hefur álagið aukist á Suðurlandi og í Reykjavík þar sem ferðamannastraumurinn er hvað mestur.

En nú er svo komið að ferðamenn sækja allt landið heim allan ársins hring þó vissulega sé straumurinn mestur yfir sumarið. Þegar fjær dregur höfuðborginni er mikill hluti ferðamanna að ferðast á eigin vegum, þ.e.a.s. þeir aka um á bílaleigubílum og skipuleggja ferðalag sitt sjálfir.

Þessi ferðamáti er algengastur hér á Austurlandi á tímabilinu sept.-maí. Ferðamenn eru misvel undirbúnir og hafa mismikla reynslu af því að aka við þær aðstæður sem eru á íslenskum vegum um hávetur. Þeir verða því æði oft fyrir óhöppum og slysum sem við þarf að bregðast. Einnig veikist þetta fólk eins og aðrir og þarf að leita læknis. Skv. tölum frá vegagerðinni jókst umferð á Austurlandi um 35% milli ára 2015 og 2016 og gistinóttum fjölgaði um 49% (tölur frá Hagstofunni). Þetta endurspeglar þannig fjölgun ferðamanna í þessum landshluta.

Til langs tíma hefur verið dregið saman í heilbrigðisþjónustu yfir sumarleyfismánuði, fyrir utan niðurskurð til margra ára. Deildum á spítölum er lokað, opnunartímar styttir og legurplássum fækkað yfir sumartímann. Þetta er gert bæði til að mæta manneklu sem myndast yfir sumarleyfismánuði og einnig í sparnaðarskyni. Þannig er t.d. rúmum á Umdæmissjúkrahúsi Austurlands fækkað úr 23 í 15 yfir sumarleyfistímann. Afleysingastarfsfólk er oftast reynsluminna en fastráðnir starfsmenn og það hefur talsverð áhrif á alla starfsemi heilbrigðisstofnana. Á sama tíma eykst álagið vegna mikils fjölda ferðamanna. Öll umsýsla í kringum erlenda ferðamenn, sem þurfa á læknisþjónustu að halda, er umfangsmeiri, m.a. vegna innheimtu komugjalda og vottorða fyrir tryggingafélög. Engin gögn eru til um heilsufarssögu þeirra og það eru oft tungumálaörðugleikar sem gera samskipti þeirra við heilbrigðisstarfsfólk flóknari en ella.

> **Þannig er t.d. rúmum á Umdæmissjúkrahúsi Austurlands fækkað úr 23 í 15 yfir sumarleyfistímann. Afleysingastarfsfólk er oftast reynsluminna en fastráðnir starfsmenn og það hefur talsverð áhrif á alla starfsemi heilbrigðisstofnana. Á sama tíma eykst álagið vegna mikils fjölda ferðamanna.**

### Gefa málaflokknum lítinn gaum

Okkur finnst ráðamenn gefa þessum mikilvæga málaflokki lítinn gaum. Hin mikla umræða sem nú fer fram um vöxt ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar og hinna mörgu þátta sem þessi vöxtur kallar á, er af hinu góða og við fögnum öllum úrbótum atvinnugreininni til handa.

Við söknum hins vegar meiri umræðu um heilbrigðismálin í þessu samhengi. Við viljum vekja athygli almennings og ráðamanna á þessu og teljum að fyrr en síðar muni heilbrigðiskerfið kikna að óbreyttu og þjónustan ekki standast þær kröfur sem gerðar eru til hennar.

Opnun Heilsugæslunnar í Reykjahlíð við Mývatn er gott dæmi um nauðsynlega úrbót sem var löngu tímabær. Við þökkum og fögnum að sjálfsögðu slíkum áföngum.

Við hvetjum stjórnvöld til að hafa heilbrigðisþjónustuna með í umræðunni um ferðamennsku og beita sér fyrir því að hægt sé að mæta þessari stórauknu notkun heilbrigðisþjónustunnar á landinu öllu. Það er brýnt að fjölga stöðugildum, bæta aðstöðuna og endurskipuleggja þjónustuna á mörgum stöðum þar sem ferðamannastraumurinn er mjög þungur. Spár gera ráð fyrir því að ferðamönnum haldi áfram að fjölga um ókomna framtíð og ekki seinna vænna að hefjast handa að bregðast við.

Í nýafstöðnum kosningum var ráðamönnum tíðrætt um heilbrigðismálin, efla heilbrigðiskerfið, styrkja þátt heilsugæslunnar og heilbrigðisþjónustunnar á landsbyggðinni. Að sjálfsögðu gerum við ráð fyrir að full alvara hafi fylgt þessari umræðu og við hlökkum til að vinna með ráðamönnum að þessari uppbyggingu.



# Orð og efndir



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

**Það á ekki að lofa einhverju fyrir kosningar, en hlaupa frá því eftir kosningar. Það eru gamaldags klækjastjórnmál.**

Það eru alltaf vonbrigði þegar verkefni sem maður tekst á hendur verða ekki að veruleika. Þannig er með niðurstöðu óformlegra stjórnarmyndunarviðræðna fimm flokka, sem slitið var í gær. Þingflokkur Vinstri græna fól Katrínu Jakobsdóttur formanni umboð til að fara í formlegar viðræður í upphafi þeirra, en aðrir flokkar vildu það ekki. Í gær kom svo í ljós að of mikið bar á milli flokka til að hægt yrði að ná saman.

Trauðla bar annað orð oftar á góma í kosningabaráttunni en orðið innviðir. Allir flokkar virtust sammála um að þá þyrfti að efla, orðið innviðauppbygging var mikið tekið af stjórnmálamönnum í framboði. Og ætli annar málaflokkur hafi verið meira ræddur en heilbrigðismál?

En hvað gerist svo eftir kosningar? Þá kemur í ljós að til að efla heilbrigðiskerfið, menntakerfið, velferðarkerfið, til að byggja upp innviðina, til að framkvæma kosningaloforðin – til að gera allt þetta þarf fjármuni. Og þeir fjármunir liggja ekki á lausu. Staða ríkissjóðs reyndist ekki eins góð og fráfarandi stjórnarflokkar vildu vera láta (hver hefði trúað því að stjórnarflokkar reyndu að fegra ríkisfjármálin í aðdraganda kosninga?) og um á þriðja tug milljarða vantaði til að standa undir samþykktum þingsins um framkvæmdir og rekstur 2017. Fyrir utan allt annað.

Fjármunir þurfa að koma einhvers staðar frá. Vinstri græn hafa ekki verið hrædd við að stinga upp á leiðum til að fjármagna samneysluna. Við teljum að skattkerfið eigi að vera bæði til tekjuöflunar og tekjujöfnunar. Því miður hafa aðrir flokkar ekki reynst tilbúnir til að fara í þá tekjuöflun sem þó er nauðsynleg til að þeirra eigin loforð verði að veruleika. Þar stendur.

Ég er einfaldur maður og tel að fólk eigi að segja satt. Það á ekki að lofa einhverju fyrir kosningar, en hlaupa frá því eftir kosningar. Það eru gamaldags klækjastjórnmál.










# „Ég ætla að gleðja þig óheyrilega mikið“



Baldur Björnsson
verslunarmaður

**Dómurinn byggir að mestu á símahlerunum lögreglu og þar eru ummælin birt orð fyrir orð. Höfundur mafiubókar gæti varla fundið upp á sumu því sem fór á milli starfsmanna fyrirtækjanna.**

Ef einhver hefur efasemdir um einbeittan brotavilja Byko og Húsasmiðjunnar í samráðsmálinu, þá þarf ekki annað en lesa dóm Hæstaréttar. Átta starfsmenn fyrirtækjanna voru dæmdir í fangelsi fyrir ólöglegt samráð gegn hagsmunum viðskiptavina þeirra og alls almennings.

Dómurinn byggir að mestu á símahlerunum lögreglu og þar eru ummælin birt orð fyrir orð. Höfundur mafiubókar gæti varla fundið upp á sumu því sem fór á milli starfsmanna fyrirtækjanna.

**Látið nú stjórann vita af þessu**

Í einu símtalinu tilkynnir starfsmaður Húsasmiðjunnar samstarfsmanni sínum að hann ætli að gleðja hann „óheyrilega mikið“ vegna góðs árangurs af samráðinu. „Byko var að hækka verð á grófvörunum.“ Viðbrögð viðmælandans: „Til hamingju ... Látið þið nú stjórann vita af þessu. Honum líður þá betur.“

**Hættum þessari verðsamkeppni**

Í símtali um samkeppni í tilboðum til viðskiptavina segir starfsmaður Byko við starfsmann Húsasmiðjunnar: „... þetta er komið bara í algjört bull ... þetta eru orðin hjaðningavíg ef þetta heldur svona áfram. Ég skal bara segja þér ... ég mun núna, í allri tilboðsgerð, frá og með bara sko morgundeginum ... þá mun ég ýta öllu upp. Öllu.“ Starfsmaður Húsasmiðjunnar svarar: „... við erum að blæða báðir tveir. Við erum bara að drepa hvern annan.“ Starfsmaður Byko: „Ég ætla að hækka allt um 2% lágmark ... og svo aftur 2% eftir 2-3 vikur ... og ég vona að þið merkið þetta“. Starfsmaður Húsasmiðjunnar svaraði: „Já, ég skal ... sjá til þess að við fylgjum þessu eftir.“

Seinna í sama símtali segir starfsmaður Húsasmiðjunnar: „Þetta grófvörutilboðskjaftæði er bara ... Við erum að fara inn í há seasonið okkar ... þar sem við þurfum að fá tekjurnar okkar og við megum ekki missa þetta frá okkur núna. Auðvitað munum við slást en við eigum að slást bara á eðlilegum nótum.“ Starfsmaður Byko: „En við þurfum að hækka levelið þar sem við erum að slást.“

**Betra að hann hringi á morgun**

Úr símtali milli tveggja starfsmanna Húsasmiðjunnar: „Þú ættir að fá hann [hjá Byko] til þess að hringja á morgun. Þú getur þá sagt honum að við séum í verðhækkunum og það er eiginlega ekkert að marka það sem þú segir honum í dag en ... gætir sagt honum það bara á morgun.“

**Umfangsmikil og gróf brot**

Starfsmenn þessara tveggja fyrirtækja töluðu saman vikulega til að bera saman verðlista yfir mest seldu vörurnar og sammælast um að stilla samkeppni í hóf. Hæstiréttur er þungorður um þessi brot. Í dómnum segir að þau hafi staðið lengi yfir og verið umfangsmikil og gróf.

Í dómi Hæstaréttar segir: „Sökum þess að Byko og Húsasmiðjan voru nánast einráð á markaðnum á ákærutímabilinu teljast brotin, sem framin voru í þeim tilgangi að styrkja markaðsstöðu fyrirtækjanna tveggja, enn alvarlegri en ella hefði verið. Vegna stærðar fyrirtækjanna og fjölda vörutegunda, sem verðsamráðið náði til, var með því ekki einasta brotið gegn mikilvægum hagsmunum viðskiptavina þeirra, heldur alls almennings.“

**Fúskað úti á túni**

Í Héraðsdómi Reykjaness voru hinir ákærðu sýknaðir af nánast öllu nema einu smáatriði. Eftirfarandi setning úr héraðsdómnum sýnir hversu langt dómararnir voru úti á túni: „Benda öll þessi skilaboð til þess að hið gagnstæða hafi verið, mikil og hörð samkeppni en ekki verðsamráð.“ En ekki aðeins sneri Hæstiréttur héraðsdómnum við, heldur setti ofan í við dómarana fyrir fúsk við skýrslugerð fyrir dómi með því að leyfa sakborningum að hlusta á vitnisburð hver annars. Annar áfellisdómur Hæstaréttar yfir héraðsdómurunum kemur svo fram þar sem segir berum orðum að niðurstaða héraðsdóms sé reist á rangri skýringu á ákvæðum samkeppnislaga.

*https://www.haestirettur.is/domar/domur/?id=3db316d5-9d3f-4477-93f1-02987bec8ecc*

# Heilsugæslan á Mars



Jóhannes V. Reynisson
Blái naglinn

**Grundvöllurinn er að efla rannsóknir sem munu aftur leiða til þess að fyrr verður hægt að grípa til aðgerða til að vinna bug á þeim. Og við getum strax gripið til aðgerða.**

Það er ekkert langt í að fólk geti ferðast til reikistjörnunnar Mars. Og hver veit nema að mannkynið muni setjast þar að í náinni framtíð. En hvað ætla Marsbúar að gera í heilbrigðismálum? Verður ekki að byrja á því að reisa hátæknisjúkrahús um leið og aðra innviði? Svarið er nei. Á Mars verður heilsugæsla.

Komum aftur niður á jörðina. Hvað er heilsugæsla og hvar er hún? Er hún í Afríku eða Ameríku? Hvað með okkur? Höfum við hugleitt að notkun okkar á orðinu heilsugæsla sé villandi? Gæsla felur í sér eftirlit. Hvernig skiljum við annars orð eins og barnagæsla, löggæsla eða landhelgisgæsla?

Okkur býðst að líta við á heilsugæslunni þegar við finnum fyrir kvilla. Við erum ekki boðuð í skoðun; að heilsa okkar sé könnuð með það fyrir augum að fyrirbyggja það sem síðar getur orðið alvarlegt vandamál.

**Bíllinn í skoðun**

Hundruð Íslendinga deyja fyrir aldur fram á hverju ári úr lungnakrabbameini, brjóstakrabbameini, eggjastokkakrabbameini, sortuæxlum, ristils- og endaþarmsmeinum. Margir ná sem betur fer heilsu en ekki fyrr en eftir erfiðar, tímafrekar og kostnaðarsamar meðferðir.

Fyrirbyggjandi aðgerðir skila okkur og samfélaginu miklu. Öll erum við meðvituð um ávinninginn af bólusetningum svo dæmi sé tekið. Með þetta fyrir augum er mikilvægt að efla rannsóknir til muna og gera allt sem í okkar valdi stendur til að greina sjúkdóma eins snemma og mögulegt er.

Við höfum mikilvæg dæmi um fyrirbyggjandi eftirlit og hversu miklu máli það skiptir. Konur eru boðaðar í krabbameinsskoðun og það hefur áhrif. Því fyrr sem við fáum vísbendingar um veikindi, þeim mun fyrr og betur er hægt að bregðast við.

Við getum spurt hvers vegna við förum með bílinn í skoðun á hverju ári. Af hverju engin flugvél fer í loftið fyrr en hún hefur verið skoðuð. Þessir hlutir verða að vera í lagi. Hvað með okkur sjálf?

**Lýðheilsa í verki**

Það þarf að bæta sjúkrahúsaðstöðu hér á landi, en á sama tíma verðum við að hugsa fram á við: Hugsa heilbrigðiskerfið upp á nýtt. Við höfum verkfæri eins og rannsóknir á genamenginu og tæki sem geta greint mein miklu fyrr en áður var mögulegt.

Hvernig væri að boða manneskju í skoðun á heilsugæslu þegar hún er tvítug og aftur á þrítugsafmælinu. Eftir því sem við verðum eldri er líklegt að vísbendingar um hugsanlega sjúkdóma geti komið fram. Þá má hafa skoðun til dæmis á fimm ára fresti fram að fimmtugu og ef til vill árlega eftir það. Þetta er heilsugæsla í verki.

**Þú græðir lífið**

Okkur kann að vaxa í augum umfangið á þessu. En lítum þá á hinn endann á heilbrigðiskerfinu. Hvað yrðu margir á sjúkrahúsi með virkri heilsugæslu? Hversu margir óvinnufærir heima? Hvað myndum við spara sem samfélag í kostnaði við sjúkrahúsmeðferðir og hvað myndum við vinna úti í atvinnulífinu?

Grundvöllurinn er að efla rannsóknir sem munu aftur leiða til þess að fyrr verður hægt að grípa til aðgerða til að vinna bug á þeim. Og við getum strax gripið til aðgerða. Blái naglinn hyggst standa fyrir kaupum á þremur grunnrannsóknartækjum fyrir Landspítalann. Þetta eru tæki af nýjustu kynslóð greiningartækja, og geta komið auga á krabbamein fyrr en nú er mögulegt. Enn vantar 55 milljónir króna, margar hendur vinna létt verk. Þeir sem vilja taka þátt í þessu mikilvæga framtaki og styrkja grunnrannsóknir á krabbameinum á Landspítala geta lagt sitt lóð á vogarskálarnar inn á reikning nr. 537-26-350350, kt. 450700-3390.

Það hlýtur að vera markmið okkar, hvort heldur sem einstaklinga eða samfélags, að fylgjast með og koma í veg fyrir eða lækna sjúkdóma áður en alvarleg veikindi koma fram. Hvert og eitt okkar græðir heilsuna. Fátt er meira virði.

# Hver er þinn uppáhalds jólaís?




Häagen-Dazs®

## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Valur - Stjarnan 26-31**

**Valur - Mörk (skot):** Heiðar Þór Aðalsteinsson 5/5 (6/6), Ýmir Örn Gíslason 4 (7), Vignir Stefánsson 3 (4), Sveinn Aron Sveinsson 3 (5), Ólafur Ægir Ólafsson 3 (7), Orri Freyr Gíslason 2 (2), Josip Juric 2/2 (3/2), Anton Rúnarsson 2 (6).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 10 (38/3, 26%), Guðmundur Eyjólfur Kristjánsson 1 (4, 25%),

**Stjarnan - Mörk (skot):** Hjálmtýr Alfreðsson 6 (8), Ari Magnús Þorgeirsson 6 (10), Garðar B. Sigurjónsson 5/3 (6/3), Starri Friðriksson 4 (4), Ólafur Gústafsson 3 (6), Guðmundur Sigurður Guðmundsson 3 (7), Sverrir Eyjólfsson 2 (2), Ari Pétursson 2 (4).

**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 16/1 (38/7, 42%), Ólafur Rafn Gíslason (4/1, 0%),

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 22 | Selfoss | 14 |
| Haukar | 20 | Grótta | 11 |
| FH | 18 | Akureyri | 11 |
| Valur | 16 | Fram | 11 |
| ÍBV | 16 | Stjarnan | 11 |

**Bikarkeppni karla í handbolta**

**Víkingur - Selfoss 21-24**

Selfoss er komið í 8-liða úrslit.

## Í dag

19.35 Bournem. - Leicester Sport
19.35 Everton - Arsenal Sport 2

# Cristiano Ronaldo hreppti Gullboltann í fjórða sinn á ferlinum



Árið hans Ronaldos Cristiano Ronaldo var í gær valinn besti knattspyrnumaður heims af France Football er hann fékk Gullboltann í fjórða sinn. Hann vann líka 2008, 2013 og 2014. Lionel Messi varð annar í kjörinu og Antoine Griezmann þriðji. Luis Suarez varð fjórði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Körfuknattleikssamband Íslands

FIBA EUROBASKET 2017
FINLAND • ISRAEL • ROMANIA • TURKEY

2 MIÐAR Á EM
1 TREYJA
1 KEPPNISBOLTI

Allir sem kaupa miða eða hafa keypt miða á EM, EuroBasket 2017, sem fram fer í Finnlandi næsta haust, fyrir 16. desember fara í pott. Einn heppinn miðaeigandi fær 2 miða endurgreidda auk þess að fá nýjan landsliðsbúning Íslands og EM keppnisboltann að auki.

Miðasalan fer fram á www.tix.is

Sjá nánar á kki.is

# Kveður eftir 15 ára feril

**Geir Sveinsson valdi í gær 28 manna hóp sem hefur undirbúning fyrir HM í Frakklandi í lok desember. Róbert Gunnarsson er hættur að spila fyrir Ísland.**

**HANDBOLTI** Róbert Gunnarsson, línumaður íslenska landsliðsins og lykilmaður þess undanfarinn áratug, er hættur að leika með landsliðinu. Hann gaf ekki kost á sér í HM-hópinn en Geir Sveinsson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær stóra 28 manna hópinn sem kemur saman til æfinga á milli jóla og nýárs.

„Ég er búinn að liggja lengi yfir þessu. Maður ákveður ekki svona upp úr þurru. Þetta er búið að gerjast í mér í langan tíma,“ segir Róbert en hann segir erfitt að kveðja.

„Við erum búnir að ganga í gegnum súrt og sætt saman strákarnir. Endalaust af stórmótum og ferðalögum sem og hlátri og gráti. Þetta er búin að vera rússíbanareið en öll ævintýri hafa sinn enda. Þetta er minn endir og ég geng stoltur frá borði. Er stoltur af því sem ég hef gert með strákunum sem eru orðnir mínir bestu vinir í dag.“

Landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson skilur afstöðu Róberts.

„Hann er að taka það skref eins og fleiri hafa verið að gera upp á síðkastið.,“ segir Geir um ákvörðun Róberts.



„Þetta er bara svona núna. Róbert er að draga sig til baka og það er allt í góðu. Ég virði ákvörðun hans enda hefur hann átt glæstan feril með landsliðinu.“

Róbert spilaði sinn fyrsta landsleik árið 2001 og á að baki 276 leiki en í þeim hefur hann skorað 773 mörk. Hann var bæði í silfurliðinu í Peking 2008 og bronsliðinu á EM í Austurríki árið 2010 og var máttarstólpi í stærstu afrekum íslenska landsliðsins. Fimmtán ára löngum landsliðsferli hans er nú lokið.

### Arnór enn þá tæpur

Arnór Atlason er í 28 manna hópnum þrátt fyrir að vera mjög tæpur vegna meiðsla. Fresturinn til að skila þessum stóra hópi rann út í gær og sá Geir sig knúinn til að taka áhættuna enda hefur Arnór verið einn af stóru póstunum í liðinu til margra ára og er enn viljugur til að spila fyrir Ísland.

„Við verðum að leyfa Arnóri að njóta vafans. Hann er alls ekki 100 prósent en Álaborg á leik á miðvikudaginn og þá sjáum við hvort hann verður með,“ segir Geir.

Theodór Sigurbjörnsson, hægri hornamaður ÍBV, varð fyrir því óláni að meiðast á dögunum en hann hefði annars verið í hópnum.

Í hans stað fær Óðinn Þór Ríkharðsson úr FH sæti í 28 manna hópnum.

„Við settum Tedda í skoðun í gær þar sem kom endanlega fram að hann verður frá í einn til tvo mánuði. Það staðfesti að við gátum ekki tekið hann með. Þetta er klárlega mjög svekkjandi fyrir hann .“

### Tveir nýliðar og Vignir

Óðinn Þór er annar tveggja nýliða í hópnum en einnig fær Elvar Örn Jónsson úr Selfossi tækifæri til að sanna sig. Þeir eru tveir af fimm leikmönnum úr U20 ára landsliðinu.

„Óðinn hefur klárlega unnið fyrir sínu sæti þó Teddi væri á undan honum en hann hefur sýnt góða hluti eins og Elvar og fleiri. Þetta er framtíðin og ég vil gefa þessum strákum tækifæri til að komast inn í þetta hjá okkur,“ segir Geir. tomas@365.is

### 28 manna hópurinn

**Markverðir:**

| | |
|---|---|
| Aron Rafn Eðvarðsson | Bietigheim |
| Björgvin Páll Gústavsson | Bergischer |
| Grétar Ari Guðjónsson | Haukar |
| Hreiðar Levý Guðmundsson | Halden |
| Sveinbjörn Pétursson | Stjarnan |

**Línumenn:**

| | |
|---|---|
| Arnar Freyr Arnarsson | Kristianstad |
| Bjarki Már Gunnarsson | EHV Aue |
| Kári Kristján Kristjánsson | ÍBV |
| Vignir Svavarsson | HC Midtjylland |

**Vinstri hornamenn:**

| | |
|---|---|
| Bjarki Már Elísson | Füchse Berlín |
| Elvar Örn Jónsson, | Selfoss |
| Guðjón Valur Sigurðsson | RN Löwen |
| Stefán Rafn Sigurmannsson | Aalborg |

**Hægri hornamenn:**

| | |
|---|---|
| Arnór Þór Gunnarsson | Bergischee |
| Guðmundur Árni Ólafsson | Haukar |
| Óðinn Þór Ríkharðsson | FH |

**Vinstri skytttur:**

| | |
|---|---|
| Aron Pálmarsson | MKB Veszprém |
| Guðmundur H. Helgason | Cesson Rennes |
| Ólafur A. Guðmundsson | Kristianstad |
| Sigurbergur Sveinsson | ÍBV |
| Tandri Konráðsson | Skjern |

**Leikstjórnendur:**

| | |
|---|---|
| Arnór Atlason | Aalborg |
| Gunnar Steinn Jónsson | Kristianstad |
| Janus Daði Smárason | Haukar |

**Hægri skyttur:**

| | |
|---|---|
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Nimes |
| Geir Guðmundsson | Cesson Rennes |
| Ómar Ingi Magnússon | Aarhus |
| Rúnar Kárason | TSV Hannover/Burgdorf |



# NÁTTÚRULEGAR VÖRUR FRÁ DR. ORGANIC Í JÓLAPAKKANN

**Artasan kynnir** Dr. Organic eru náttúrulegar húð- og hárvörur sem henta báðum kynjum. Fyrirtækið nýtir aðeins bestu náttúruleg og lífræn hráefni þar sem því er við komið og koma þau hvaðanæva úr heiminum. Helst ber að nefna lífrænt Aloe vera sem er í öllum vörunum og kemur það einnig í stað vatns í olíulausum vörum. Einnig eru fjölbreytilegar lífrænar jurtaolíur, „butter“ og ilmkjarnaolíur notaðar í öllum vörulínunum.

Undir merkjum Dr. Organic fást fjórtán vörulínur. Framleiðandinn fylgir lífrænum snyrtivörustaðli. Þar sem notkun á lífrænum efnum verður ekki viðkomið er notast við náttúruleg efni sem unnin eru á sjálfbæran hátt.

Hver vörulína samanstendur af mismunandi húð- og hárvörum og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Vörurnar eru tilvaldar fyrir alla þá sem vilja forðast óæskileg efni sem geta valdið útbrotum, kláða og sviða.




**LÍFRÆNT LAVENDER**
Ilmkjarnaolían er þekkt fyrir að hafa róandi og slakandi áhrif. Ljúfur ilmurinn hefur sefandi og róandi áhrif. Lavender heitir á íslensku lofnarblóm. Hentar best til að róa og sefa húðina.

**LÍFRÆN JÓMFRÚARÓLÍFUOLÍA**
Náttúrulega rakagefandi og næringarrík, inniheldur öfluga ómettaða fitusýru sem er öflugt andoxunarefni. Notuð frá örófi alda við Miðjarðarhafið til að undirstrika náttúrulega fegurð. Hentar best fyrir þurra húð, verndar húðina og gefur henni raka.




**LÍFRÆNT DROTTNINGARHUNANG**
Royal Jelly eða drottningarhunang inniheldur einstaka blöndu af næringarefnum, amínósýrum og plöntuhormónum. Notkun þess er rakin til Egyptalands hins forna og það er stundum nefnt æskubrunnur náttúrunnar. Stuðlar að endurnýjun húðarinnar og viðheldur unglegri áferð.

**LÍFRÆNT MANUKA HUNANG**
Afar áhrifaríkt og gætt margvíslegum eiginleikum. Manuka-hunangið er jafnan nefnt undur náttúrunnar. Veitir raka og örvar starfsemi húðarinnar.

**LÍFRÆN GRANATEPLI**
Þessi næringarríki ávöxtur er sneisafullur af andoxunarefnum, dregur úr ýmsum öldrunareinkennum og stuðlar að endurnýjun húðfrumna. Verndar húðina og tryggir nauðsynlegan raka. Best til að vinna gegn öldrunareinkennum og endurnæra húðina.

**LÍFRÆNT SNIGLAGEL**
Vinsælasta vörulínan inniheldur sniglaslím en það hefur margvíslega kosti sem vinna gegn öldrunareinkennum húðarinnar, draga úr hrukkum og mýkja húðina. Það veitir einnig andoxunarvörn og rakagefandi. Að auki er það bakteríudrepandi og lagfærir ör, unglingabólur og brúna bletti á húðinni.

**LÍFRÆNT ALOE VERA**
Náttúrulega mýkjandi og græðandi eiginleikar aloe vera plöntunnar hafa verið nýttir frá örófi alda til að veita húðinni raka og örva starfsemi húðarinnar.

Best til að mýkja og vernda viðkvæma húð.

**LÍFRÆN HAMPOLÍA**
Hampolían er oft talin innihalda hina fullkomnu blöndu þar sem hún hefur að geyma einstaka samsetningu lífsnauðsynlegra fitusýra. Eiginleikar þessa lífræna plöntuseyðis örva starfsemi húðarinnar, veita raka og vernda húð og hár.

**LÍFRÆN ARGANOLÍA FRÁ MAROKKÓ**
Rakagefandi og næringarrík blanda úr lífrænum olíum og kjörnum sem næra bæði húð og hár. Nærir húðina og er sérstaklega góð fyrir hárið.

**LÍFRÆNT „TEA TREE“**
Þessi einstaka planta er gædd mögnuðum eiginleikum sem vinna gegn bakteríum. Kjörið fyrir þá sem glíma við húðvandamál eða erfiða húð. Best til að fjarlægja óhreinindi og hreinsa húðina.







**LÍFRÆN RÓSAOLÍA**
Nærandi og rakagefandi ilmkjarnaolía sem frískar upp á húðina og hægir á öldrunareinkennum. Eftirsóttasta og dýrasta ilmkjarnaolían. Best til að örva endurnýjun húðfrumna, hægja á öldrun og fríska upp á húðina.

## VINSÆLASTA VARAN

Sniglagelið er vinsælasta vörulínan en þar er eingöngu um andlitsvörur og handáburð að ræða. Gelið inniheldur kollagen og elastín, en þau efni vinna gegn öldrun húðarinnar og endurnýja húðfrumur á skömmum tíma. Það er mjög áhrifaríkt, bakteríudrepandi og lagfærir ör, slit, unglingabólur og brúna bletti á húðinni. Sniglagelið er fullkomlega náttúrulegt, með Aloa vera og lemongrass, frískandi, kælandi og rakagefandi.

**FRÁBÆRT Í JÓLAPAKKANN**

**LÍFRÆNT E-VÍTAMÍN**
Náttúrlega græðandi og rakagefandi. Áhrif E-vítamíns eru margvísleg, það veitir raka og smýgur djúpt inni í húðina. Hjálpar til við að viðhalda teygjanleika húðarinnar. Best til þess að gefa djúpan raka og slétta úr fínum hrukkum.







**LÍFRÆN STEINEFNI ÚR DAUÐA HAFINU**
Stuðla að endurnýjun húðarinnar og vinna gegn öldrunareinkennum. Steinefni úr Dauða hafinu vernda húðina og viðhalda raka ásamt því að vera hreinsandi.




**LÍFRÆN KÓKOSOLÍA**
Næringarrík og rakagefandi, með sætan og lokkandi ilm. Húð og hár verður heilbrigt og glansandi. Best til að endurnæra húð og hár.

**SÖLUSTAÐIR** Lyfja, Heilsuhúsið, Apótekið, Urðarapótek og Akureyrarapótek

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*












Náttúran í Marokkó er hrjóstrug en ægifögur. Hópurinn naut þess að stoppa reglulega til að virða fyrir sér útsýnið.

# NJÓTA EN EKKI ÞJÓTA

Átta manna vinahópur hélt upp á tuttugu ára vináttuafmæli sitt með því að fara í hjólaferð til Marokkó. Þeir æfðu sig í heilt ár, eru nú komnir með bullandi hjólabakteríu og því þegar farnir að hugleiða næstu ferð. Einn af hápunktum ferðarinnar var að vera netlausir í tvo sólarhringa.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Við erum félagsskapur sem kynntist í viðskiptafræði í Háskólanum. Við höfum haldið hópinn og reynt að hittast að lágmarki einu sinni á ári. Í ár varð félagsskapurinn hins vegar tuttugu ára og því langaði okkur að gera eitthvað extra af því tilefni," segir Jóhann S. Friðleifsson.

Ákveðið var að stefna á hjólaferð í útlöndum enda væri það leið til að sameina skemmtun og hreyfingu. „Þá þurftum við líka að æfa okkur heilmikið sem varð til þess að við hittumst reglulega í heilt ár á undan í lengri og styttri hjólatúrum. Á þessu undirbúningsári hittumst við því um 25 sinnum sem var talsvert oftar en árin á undan. Við vorum því orðnir ansi nánir við upphaf ferðar."

Tveir úr hópnum voru nokkuð vanir hjólamenn en hinir ekki. „Ég átti ekki einu sinni hjól fyrr en í apríl á þessu ári," segir Jóhann en tveir úr hópnum eru búsettir erlendis og sáu að mestu sjálfir um sína þjálfun.

Hann segir æfingarnar hafa gengið vonum framar og þeim hafi farið mikið fram. „Það var líka gaman að kynnast hjólaleiðum á borð við Jaðarinn, frá Bláfjöllum niður í Heiðmörk, og Reykjadal, af Hellisheiði niður í Hveragerði."

## Ævintýri að fara til Afríku

Það var svo 15. október sem hópurinn hélt utan til Marrakesh í Marokkó. Af hverju varð Marokkó fyrir valinu? „Það var einhver ævintýraþrá. Enginn okkar hafði komið þangað áður og við töldum að það gæti verið góð áskorun að hjóla í hrjóstrugu landslaginu. Þá var eitthvað spennandi við að hjóla í Afríku og við sáum fyrir okkur að geta bæði kynnst nýrri menningu og hjólað eftir nýjum leiðum."

Hjólaferðin sjálf stóð í fimm daga og var skipulögð af breskri ferðaskrifstofu. „Við vissum í raun ekkert hvar við myndum gista eða hvernig aðbúnaðurinn yrði. Þá voru með okkur tveir leiðsögumenn, einn innfæddur sem hjólaði fremstur og einn Breti sem var aftastur."



Hópurinn keypti sér eins boli og merkti þá með gælunöfnum á bakinu.



Börnin í þorpunum tóku ferðalöngunum fagnandi. Hér er Jóhann með tveimur kátum strákum.

> Þegar líða tók á ferðina vorum við farnir að gera hluti sem við áttum ekki endilega von á að geta, eins og að fara niður brattar brekkur og beita hjólinu yfir hindranir.
>
> Jóhann S. Friðleifsson

## Nutu náttúrunnar

Kom ykkur eitthvað á óvart? „Já, kannski að við vorum betri en við héldum. Þegar líða tók á ferðina vorum við farnir að gera hluti sem við áttum ekki endilega von á að geta, eins og að fara niður brattar brekkur og beita hjólinu yfir hindranir."

Jóhann segir hópinn hafa farið hratt þegar það átti við en þó hafi þeir lifað eftir mottóinu njóta en ekki þjóta. „Við stoppuðum reglulega til að virða fyrir okkur þetta fallega landslag. Í hverjum túr hjóluðum við í gegnum einhver þorp í hlíðunum, þá komu krakkarnir hlaupandi og tóku á móti okkur," segir Jóhann.

## Toppurinn að vera netlaus

Tvær nætur af fimm gisti hópurinn í uppgerðu fjárhúsi í 2000 metra hæð. „Ég held að þetta hafi verið fjárhús, allavega var hurðin í herbergi mínu og félaga míns bara 1,20 metrar á hæð," segir hann og hlær. „Þetta var eiginlega skemmtilegasti hluti ferðarinnar, sér í lagi af því við vorum algerlega netlausir þennan tíma. Kvöldin fóru því bara í að tala og spila út í eitt og við vorum ekki bundnir af því að fá læk á færslur eða tékka á vinnupóstinum."

## Lítill túrismi

Jóhann segir það hafa komið þeim félögum á óvart hversu lítill túrismi er á svæðinu. „Við vorum þarna nánast einir allan tímann."

En verður framhald á þessu hjólaævintýri? „Það var ekki stefnan, þetta ár átti að vera sérstök afmælisferð og ekki meir. En flestir okkar eru komnir með hjólabakteríuna og klæjar í að bóka eitthvað meira, til dæmis til Asíu eða Bandaríkjanna."


patagonia®
á USA verði til áramóta
Patagonia Nano Air fyrir fjallabröltara
Nano Puff jakki herra 22.900 kr.
Nano Puff jakki dömu 22.900 kr.
Nano Puff Bivy dömu 27.900 kr.
Down Sweater vesti herra 22.990 kr.
Refugitive GoreTex jakki herra 62.990 kr.
Nano Puff jakki dömu 29.900 kr.
Patagonia R2 peysa 19.900 kr.
Down Sweater vesti dömu 22.990 kr.
Hægt að nota hjálm undir hettu
Storm flipi að innanverðum rennilás
Tveir brjóstvasar
Hlýr þó svo að flíkin blotni
Hámarks öndun
Úlnliðsteygja
Teygjanleg hetta sem auðvelt er að sveifla á eða af þó jakkinn sé renndur upp í háls
Hökuvörn efst á rennilás
Hrindir frá sér vatni (Durable Water Repellent)
Fislétt og teygjanlegt efni
Tveir stórir vasar til að ylja hendur, staðsettir fyrir ofan bakpokaól
Hægt að þrengja í mitti
100% nælon ripstop skel 60g Fullrange™ einangrun.
Fullkomið mið- og ytra lag 37.990 kr.
Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins
Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar
Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur
Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega. Á stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.
Lífstíðarábyrgð
Stillanlegt bak
Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur
Brjóstól á sleða og með neyðarflautu
Göngustafa festing
Hámarks öndun í baki
Flöskuvasar
Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna
Vasi á mjaðmabelti
Svefnpokaólar
Vasi í topploki
Netavasi með lyklahengju undir topploki
Með léttustu bakpokum í heimi
Hægt að opna á hliðinni
Netapoki
Tvískipt hólf
Lykkja fyrir ísöxi
Kestrel 38L göngupoki
32.900 kr.
Ariel 65L Burðarbakpoki
54.900 kr.
Daylite Alhliða bakpoki
9.990 kr.
Momentum 26L
Hjólabakpoki
m/fartölvuhólfi
27.900 kr.
Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
31.900 kr.
Kamber 22L
Fjallaskíðabakpoki
27.900 kr.
Variant 37L
Klifur- og göngubakpoki
39.900 kr.
Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is
GG•sport
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi
sími: 571 1020 • www.ggsport.is
„Finndu okkur á Facebook"

# HAUSTSÚPA Í SKAMMDEGINU

Óvenjulegt veðurfarið nú í skammdeginu, rigningarsuddi og merkilega háar hitatölur kalla á haustlega matargerð áður en jólabakstur tekur við. Rauðbaunasúpa er matarmikil og gott að eiga hana til handa gestum.

**1½ bolli þurrkaðar rauðar nýrnabaunir, liggja í bleyti yfir nótt**
**2,8 l grænmetissoð**
**1 gulur, hvítur eða rauður laukur, saxaður**
**½ bolli þurrt rauð- eða hvítvín**
**3 lárviðarlauf**
**1 dós niðursoðnir tómatar skornir**
**½ bolli brún hrísgrjón**
**1 msk. cajun-krydd**
**1 poki grænt kál**
**¼ bolli söxuð steinselja**
**1 rauð paprika söxuð**

Skolið baunirnar eftir að hafa látið þær liggja í bleyti yfir nótt. Hitið hálfan bolla af soðinu yfir meðalhita í stórum potti. Brúnið laukinn í soðinu í nokkrar mínútur, bætið víninu út í og skrapið vel upp úr botninum í 1-2 mínútur. Bætið baunum, restinni af soðinu og lárviðarlaufum út í. Látið suðuna koma upp, lokið á og látið malla í um tvo klukkutíma. Hrærið tómötum, hrísgrjónum og cajun-kryddi saman við og látið suðuna koma aftur upp, lækkið þá undir og látið malla í 20 mínútur. Bætið grænmetinu út í og sjóðið í 10 mínútur í viðbót. Berið fram með góðu brauði og slettu af sýrðum rjóma út á.
**www.wholefoodsmarket.com**

Með súpunni er gott að bera fram gróft brauð. Sódabrauð eru afar fljótleg og einföld í bakstri og passa stórvel með matarmiklum súpum. Meðan baunasúpan er að malla á hlóðunum gefst nægur tími til að hræra í eitt slíkt og henda í ofninn en ólíkt gerbakstri þarf sódabrauð ekki að hefast áður.



**Súpan er best með góðu brauði og jafnvel slettu af sýrðum rjóma.**

**Einfalt sódabrauð**

**250 g hveiti**
**250 g heilhveiti**
**100 g haframjöl**
**1 msk. matarsódi**
**1 msk. salt**
**25 g smjör skorið í bita**
**500 ml súrmjólk**

Berið hveiti á bökunarplötu. Blandið þurrefnunum í stóra skál og merjið smjörið saman við. Hellið súrmjólkinni út í og blandið hratt saman við með borðhníf, komið deiginu svo saman mjög létt og varlega með fingrunum, mótið í flatan, hringlaga hleif og setjið á bökunarplötuna. Skerið kross ofan í hleifinn og bakið í 30-35 mínútur við 180 gráður. Látið kólna á grind undir hreinu stykki. Brjótið svo af því bita með súpunni.
**www.bbcgoodfood.com**




# VARASAMT AÐ BORÐA OF MIKINN LAKKRÍS Í EINU

Mörgum þykir tilheyra að fá sér lakkrís á þessum tíma árs. Hann er víða á veisluborðum um hátíðarnar auk þess sem annar hver maður bakar lakkrístoppa fyrir jól.

Fyrir nokkru varð ljóst að of mikið lakkrísát getur haft áhrif á hjartað og eru sumir viðkvæmari fyrir því en aðrir. En hvað er það sem veldur?

Svartur lakkrís inniheldur glycyrrhizin sem er sætuefnasamband unnið úr lakkrísrótinni. Það getur leitt til þess að þéttni kalíums í blóði lækkar. Það getur síðan valdið hjartsláttartruflunum. Oftast þarf að innbyrða töluvert magn svo þessara einkenna verði vart en samkvæmt lyfja- og matvælaeftirliti Bandaríkjanna liggja mörkin við 57 g af svörtum lakkrís á dag í að minnsta kosti tvær vikur.

Hvorki ungir né aldnir ættu að borða of mikinn lakkrís í einu. Þeir sem eru 40 ára eða eldri, hafa sögu um hjartasjúkdóma eða háan blóðþrýsting ættu þó að vera sérstaklega á varðbergi. Lakkrísinn getur leitt til þess að blóðþrýstingur hækkar og í verstu tilfellum getur ástandið leitt til hjartabilunar.

Góðu fréttirnar eru að styrkur



kalíums eykst á ný þegar lakkrísáti er hætt og þá gengur ástandið yfirleitt til baka. Ef hjartaónota verður vart eftir neyslu á lakkrís er besta ráðið að láta hann umsvifalaust vera og leita læknis.


GLÆSILEGT
JÓLAHAPPDRÆTTI Í VERSLUNINNI!
Drögum út á hverjum sunnudegi fram að jólum og svo aðalvinninginn á Þorláksmessu - meðal vinninga eru:
- Flug fyrir 2 með WOW air
- Gjafabréf frá Fosshótel
- Gjafapoki frá Laugar Spa og World Class
- LED snyrtispeglar og djúphreinsiburstar frá Eirberg
- Súkkulaðibrunnur frá Húsasmiðjunni
- Gjafabréf frá Hamborgarafabrikkunni
- Gjafabréf frá Trimform Berglindar
- Lady Million ilmvatn
FRÁBÆR jólatilboð
20-60%
afsláttur af völdum vörum!
Stærðir
36-56
FRÁBÆR
JÓLATILBOÐ!
Glæsilegur sparifatnaður í öllum stærðum á frábæru verði
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL
ÁÐUR 8.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 4.990
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 8.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 4.990
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
PEYSA
6.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL
TÚNIKA
6.990kr
st. 38-54
KJÓLL
6.990kr
st. 38-54
KJÓLL
ÁÐUR 7.990
NÚ 1.990
st. S-XXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



## Rakstur getur ýtt undir kynsjúkdóma

Samkvæmt nýrri bandarískri könnun eru kynsjúkdómar algengari hjá þeim sem raka sig á kynfærasvæði en þeim sem gera það ekki. Það voru 7.500 manns á aldrinum 18-65 ára sem tóku þátt í rannsókninni. Allir höfðu stundað kynlíf. Flestir höfðu rakað sig einhvern tíma, sumir að hluta en aðrir höfðu fjarlægt öll líkamshár og það átti við um bæði kynin. Niðurstöður sýna að tveir þriðju þessa hóps höfðu rakað sig á kynfærasvæði, 84% kvenna og 66% karla. Um 22% raka sig í hverri viku. Flestar kvennanna notuðu rakvél en karlarnir rafmagnsrakvél. Skæri eru líka notuð. Fæstir nota vax eða laser til að fjarlægja líkamshárin. Þeir sem fjarlægja öll líkamshár reglulega eru í mun meiri hættu á að fá kynsjúkdóma eins og klamydíu en aðrir. Sömuleiðis virðast þeir líka líklegri til að eiga marga bólfélaga. Ekki var spurt um notkun á smokkum. Talið er að smávegis rifa á húð eftir rakstur geti aukið mjög líkur á sumum tegundum kynsjúkdóma.

Rannsakendur eru ekki tilbúnir til að sanna að samband sé á milli aukningar á kynsjúkdómum og hárleysis, þeir eru ekki vissir hvað kom á undan en ljóst þykir að einhver tenging er þarna á milli. Eitt er þó víst að hárleysið hefur losað fólk við flatlús sem sést varla lengur. Mælt er með að fólk bíði með kynlíf stuttu eftir rakstur til að koma í veg fyrir alvarlega sjúkdóma eins og HIV.

Rannsóknin var gerð við The University of California og The University of Texas og hafa niðurstöður birst víða, meðal annars hjá BBC.



## Æðislegar trufflur

Kakótrufflur eru ótrúlega góðar og hægt að gera þær hollar líka. Nammið þarf ekki að vera löðrandi í sykri. Hér er uppskrift að kakótrufflum sem auðvelt er að gera.

2 dl döðlur
2 msk. kókosolía
3+2 msk. gott kakóduft
1 msk. appelsínusafi

Blandið öllu saman í matvinnsluvél fyrir utan 2 msk. kakódufti. Setjið í kæli í hálftíma. Búið til kúlur og veltið þeim síðan upp úr kakóinu. Geymið í kæli.

Í stað appelsínusafa má nota piparmintudropa eða líkjöra, allt eftir smekk.

## HLAUPIÐ YFIR JÓLAHÁTÍÐINA

Þótt jólin séu fram undan er nóg að gera hjá hlaupurum landsins. Fram til áramóta eru nokkur skemmtileg hlaup fyrirhuguð sem eiga það sameiginlegt að vera við allra hæfi, byrjendur sem lengra komna.

Trimmklúbbur Seltjarnarness heldur kirkjuhlaup á annan í jólum líkt og undanfarin ár. Ekki þarf að skrá sig í hlaupið heldur er nóg að mæta við Seltjarnarneskirkju en hlaupið byrjar kl. 10. Hlaupið er fram hjá þrettán kirkjum og er leiðin um 14 km. Þeir sem vilja geta stytt leiðina og að hlaupi loknu býður Seltjarnarneskirkja upp á heitt kakó og smákökur.

Gamlárshlaup ÍR fer fram í 41. sinn á gamlársdag. Boðið verður upp á 3 km og 10 km hlaup auk skemmtiskokks. Hlaupið hefst kl. 12 frá Hörpu. Hlaupið er einn stærsti hlaupaviðburður landsins og er hefð fyrir því að hlauparar mæti í búningum sem setja skemmtilegan svip á hlaupið. Forskráning fer fram á hlaup.is.

Gamlárshlaup Ungmennafélags Akureyrar fer einnig fram á gamlársdag og er boðið upp á 5 km og 10 km hlaup auk göngu. Dagskráin byrjar kl. 10 við líkamsræktarstöðina Bjarg og fer skráning fram á staðnum.



**Skrautlegir búningar í Gamlárshlaupi ÍR.** MYND/BIRKIR JÓNSSON




## BÍLAR & FARARTÆKI

BRAUT BÍLASALA




MERCEDES BENZ E 250 bluetec 4 matic cdi Árgerð 2015 ek. 1 Þ.KM dísel sjálfskiptur. Verð Tilboð 9.690.000. Rnr.101792. FRÁBÆRT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA GÓÐ VERÐ

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100 bilar.is bílasala



Hyundai I10 Comfort, 7/2015, ek 60 þús km, bensín, bsk, ásett verð 1.490 þús, er á staðnum, raðnr 152683.




Malt & Appelsín kippa og pakki af Mackintosh Quality Street fyrir þá sem skrá bílinn sinn á sölu hjá okkur í desember. Mikil sala- vantar bíla á skrá.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.







## Bátar




**GRÁSLEPPUVEIÐIMENN**
Allt til grásleppuveiða lækkað verð. Heimavík ehf, Sporhömrum 3, heimavík.is S: 8928655

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 902 1020**
Spámiðlun heilun. Sjöfn spámiðill og heilari. Geymið auglýsinguna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16



## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

**VINNUSTAÐAGIRÐINGAR**
Til sölu eru 30 nýlegar vinnustaðagirðingar 2x3m með festingum. uppl. s: 8633075

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu m/aðgangi að eldhúsi, baði, þvottavél og þurrkara á sv. 200. Uppl. í s. 893 3475

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**T 10 HÓTEL**
Vantar starfsmann í móttöku. Fullt starf. Kunnátta í roomer og tungumálum ( ísl-ens-þýsku) nauðsynleg. Einnig vantar starfsmann til að sjá um morgunverð. Vinnutími frá kl. 06-12. 80% starf. Uppl. í s. 899 8996

VANAN bílabónara vantar fram að jólum mikil vinna framundan. uppl. s: 8987930

**JÁRNABINDINGAR / IRON JOB**
Vantar járnamenn. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 / 866 1083 og jarnaverk@internet.is

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

**200.000-450.000 Á MÁNUÐI**
Erum að leita af starfsfólki í verslun / veitingastað í 101 Reykjavík.
Unnið er kvöld og helgar. Getur hentað með skóla og einnig sem fullt starf.
Mjög góð laun í boði.
**Umsókn með mynd sendist á 101atvinna2017@gmail.com**

**STAKFELL** FASTEIGNASALA | 1984
535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is
FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

**SÖLUSÝNING Í DAG, 13. DES. 17:30-18:00**









**HVERFISGATA 108, 3.H.H. 101 REYKJAVÍK**

Rúmgóð, 99,4 m², miðbæjaríbúð með þremur svefnherbergjum á Hverfisgötu 108. Íbúðin er á þriðju hæð og skiptist í forstofu/hol, hjónaherbergi, svefnherbergi, borðstofu, stofu, eldhús og baðherbergi.

Svalir út af stofu. Tvær geymslur í kjallara. Húsið er í góðu ástandi að utan og lítur vel út. Húsið var steinað að utan fyrir u.m.þ.b. 10 árum.

Nánari upplýsingar um eignina veitir Edwin Árnason.



**EDWIN ÁRNASON**
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2121
edwin@stakfell.is

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Stækkun á seiðastöð Arctic Smolt að Norður-Botni í Tálknafirði**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun og á vefsíðu stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **11. janúar 2017**.

HÚNAÞING VESTRA

## Tillaga að deiliskipulagi fyrir Borgarvirki, Húnaþingi vestra

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti þann 8. desember s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi Borgarvirkis í Húnaþingi vestra.

Deiliskipulagssvæðið er um 3.7 ha að stærð og staðsett í landi Litlu- og Stóru-Borgar í Húnaþingi vestra. Markmið deiliskipulagsins er að bæta aðgengi, upplýsingar, öryggi og umferð ferðamanna um skipulagssvæðið. Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð og skýringauppdrætti mun liggja frammi í Ráðhúsi Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga frá 13. desember 2016 til og með 25. janúar 2017, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Þá er tillagan aðgengileg á heimasíðu Húnaþings vestra: hunathing.is.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út **kl. 16:00 miðvikudaginn 25. janúar** og skal athugasemdum skilað skriflega til skrifstofu Húnaþings vestra Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga eða á netfangið skrifstofa@hunathing.is þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

*Guðný Hrund Karlsdóttir*
*sveitarstjóri Húnaþings vestra*

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Brekkustígur 14
**4ra herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög góð 108,5 fm. íbúð á 2. hæð. Íbúðin er með vestursvölum í endurnýjuðu litlu fjölbýlishúsi við Brekkustíg. Íbúðin hefur verið mjög mikið endurnýjuð hið innra á sl. árum, m.a. er nýtt parket í allri íbúðinni, baðherbergi hefur verið endurnýjað, ný eldhúsinnrétting og tæki o.fl. Þrjú svefnherbergi. Lóðin sem er vestan við húsið er hellulögð, tyrfð og afgirt. Opið svæði / leiksvæði er á bakvið húsið.
**Verð 52,5 millj.**

## Fjólugata 21
**Sérhæð – þrennar svalir**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 120,7 fm. 6 herbergja sérhæð auk 22,0 fm. bílskúrs m.m. samtals 173,0 fm. á þessum frábæra stað í Þingholtunum. Eignin hefur fengið mjög gott viðhald í gegnum tíðina. Búið er að endurnýja m.a. baðherbergi og þak. Þrennar svalir, þar af einar um 35 fm. sem eru ofan á bílskúr og útgengt er á úr hjónaherbergi. Aukin lofthæð er í íbúðinni. **Verð 67,9 millj.**

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ





## Meðgöngudekur

**JÓLAGJÖFIN SEM ALLAR ÓFRÍSKAR KONU EIGA SKILIÐ!**

Meðgöngunudd, höfuðbeina og spjaldhryggsjofnun, heilun og fótsnyrting m/lökkun á aðeins **15.500.-**

*Í gjöf færðu litun á augabrúnir.*

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

NAUTALUNDIR OG HRYGGUR Á

# DÚNDURVERÐI

OG JÓLAVÖRUR Í ÚRVALI



NAUTALUNDIR ERLENDAR
Verð aðeins
**3.499** Kr. kg.



GOÐA HRYGGUR FROSINN
Verð aðeins
**1.499** Kr. kg.
Verð áður 1.999 kr. kg



Jólagottið er í Iceland

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Jólareikningur Netgíró

**Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017**

Netgíró
Kynntu þér jólareikning Netgíró á www.netgiro.is

Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.

## Lokað

Lokað verður í dag frá kl. 12.00
vegna útfarar Sverris Helgasonar.

**Hitastýring hf.,** Ármúla 16.




Elskulegur stjúpfaðir minn
og bróðir okkar,

**Barði Valdimar Barðason**
sjómaður,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju
föstudaginn 16. desember klukkan
15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim
sem vildu minnast hins látna er bent á Hjartavernd.

**Ósvald Øyahals**
**Bergur Barðason** **Helga Barðadóttir**
**Arnar Barðason** **Eiríkur Barðason**
**Jón Barðason**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Kristín G. Jónsdóttir**
ljósmóðir,
Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri þann
7. desember síðastliðinn. Útförin fer
fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn
17. desember kl. 14.

**Þórhildur Oddsdóttir** **Jónatan Hermannsson**
**Örnólfur Oddsson** **Védís H. Ármannsdóttir**
**Jón H. Oddsson** **Martha Ernstsdóttir**
**Gunnar Oddsson** **Sólveig S. Guðnadóttir**
**Bára Elíasdóttir** **Óskar Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Björg Vilhelmsdóttir**
áður til heimilis að
Smáratúni 7, Keflavík,

lést miðvikudaginn 7. desember.
Hún verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju
föstudaginn 16. desember klukkan 13.00.

**Óla Björk Halldórsdóttir**
**Sigríður Björg Halldórsdóttir** **Kristján Sigurpálsson**
**Sævar Halldórsson** **Susie Ström**
**Þórunn María Halldórsdóttir** **Axel Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441


# Gott að auka þekkinguna

Sauðkrækingurinn Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir útskrifaðist nýlega sem Marel-vinnslutæknir fyrst kvenna. Það auðveldar henni að greina bilanir í búnaði og gera við hann.



Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir varð fyrst kvenna til að ljúka námi sem Marel-vinnslutæknir.

„Vinnslutækninámið gaf mér innsýn inn í tækni og hugbúnað Marels og gerir mér auðveldara fyrir að greina bilanir, skipta um varahluti og vera í tengslum við Marel. Þetta þýðir vonandi að ekki þarf sækja alla þjónustu suður, heldur get ég bjargað einhverju hér heima við,“ segir Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir á Sauðárkróki sem nýlega útskrifaðist úr Fisktækniskóla Íslands sem Marel-vinnslutæknir. Hún er fyrsta konan til að ljúka því námi. „Það er gaman að auka þekkinguna enda var staðið vel að kennslunni,“ segir hún.

Jóhanna hefur unnið í Fisk-Seafood á Sauðárkróki í tvö ár. „Ég byrjaði bara á línunni og í ýmsum störfum. Svo fór ég í nám og útskrifaðist sem fisktæknir frá Fjölbraut á Sauðárkróki í vor því ég varð að vera búin með það eða sambærilegt nám til að reyna við vinnslutækninn.“

Nú var hún dálítið á ferðinni. „Fisktækniskóli Íslands er með aðsetur í Grindavík og við nemendurnir vorum þar á köflum, en líka í Marel í Garðabæ og í Sjávarklasanum á Granda í Reykjavík. Námið fór fram í lotum, bæði heima við tölvuna og með verklegum æfingum, auk þess sem farið var í vinnustaðaheimsóknir,“ lýsir hún.

Hún kveðst hafa lært á sérstakt hugbúnaðarkerfi Marels, Innova, sem notað sé í flestum fiskvinnslustöðvum en líka í kjötvinnslu og kjúklingalínum hér á landi og víða um heim. „Við lærðum inn á M3000 haus sem er master á ýmsum búnaði.“

Í Fisk Seafood er aðallega unnið í þorski og ufsa að sögn Jóhönnu. „Aðalbátarnir eru tveir, Málmey og Klakkur,“ segir hún. „Það eru ísfiskbátar sem eru svona viku úti í einu.“

gun@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og vinarhug við
andlát elskulegrar móður okkar,
tengdamóður og ömmu,

**Hildu Fannýjar Nissen**
Skúlagötu 40a,

sem lést þann 21. nóvember.
Innilegar þakkir til Heimaþjónustu Reykjavíkur
og Vífilsstaða fyrir góða umönnun.

**Elísa Björk Sigurðardóttir**
**Sigríður Ósk Sigurðardóttir** **Þráinn Alfreðsson**
**Kristín Bjartmarsdóttir** **Brynjar Kristjánsson**
**Hilda Ríkharðsdóttir** **Axel Karlsson**
**Kristján Bjartur Brynjarsson**
**Tinna Bergdís Brynjarsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
sonur, bróðir, mágur, barnabarn og
tengdasonur,

**Egill Örn Gunnarsson**

lést þriðjudaginn 6. desember.
Útförin fer fram þriðjudaginn 20.
desember kl. 13 frá Hallgrímskirkju.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem
vilja minnast hans er bent á styrktarreikning Ástu Sigríðar
Egilsdóttur nr. 0515-18-511502 / kt. 050515-2650.

**Erna Valdís Ívarsdóttir**
**Ásta Sigríður Egilsdóttir**
**Gunnar Örn Rúnarsson** **Ásta Samúelsdóttir**
**Anton Örn Gunnarsson** **Rósa Borg Guðmundsdóttir**
**Eva Lind Gunnarsdóttir**
**Rúnar Ólafsson** **Sigurlína Konráðsdóttir**
**Samúel Vilberg Jónsson** **Bjarney Georgsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir** **Jón Hörðdal Jónasson**
**Ívar Örn Arnarson** **Guðný Ævarsdóttir**



Yndislega mamma okkar,
tengdamamma, amma og langamma,

**Sonja Huld Ólafsdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans
7. desember sl. Útförin fer fram
frá Hafnarfjarðarkirkju 16. desember
kl. 13.00.

**Martha Árnadóttir** **Hartmann Kr. Guðmundsson**
**Þorbjörg Gísladóttir** **Gísli Wiium**
**Bergþóra Gísladóttir** **Hjalti Bogason**
**Eyrún Gísladóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**Gauti Þór Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Kær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Loftur Guttormsson**
sagnfræðingur,

lést 4. desember sl.
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju
fimmtudaginn 15. desember kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem
vilja minnast hans er bent á Landvernd. Innilegar þakkir
fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir
einstaka umönnun og elskulegt viðmót.

**Hanna Kristín Stefánsdóttir**
**Hrafn Loftsson** **Guðný Eysteinsdóttir**
**Arnaldur Loftsson** **Hafdís Böðvarsdóttir**
**Hanna Loftsdóttir** **Hugi Guðmundsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar og amma,

**Sigríður Helga Karlsdóttir**

lést aðfaranótt 29. nóvember að
heimili sínu í Stokkhólmi. Útförin fer
fram í Solna kyrka 20. desember klukkan
14.30. Kveðjuathöfn fer fram síðar á Íslandi.

**Garðar Hansen**
**Birta Guðrún Garðarsdóttir, Arnar Freyr Garðarsson,**
**Karl Óskar Garðarsson, Margrét Hanna Garðarsdóttir,**
**Leon Arnar Daram, Vincent Örtegren Karlsson.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5000.

# SAMSUNG

# Jólagjafir heimilisins

## KU6175




UHD - 4K • Bogið • 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • • Nýtt Smart viðmót • LED • PQI: 1400

**40" kr. 109.900.- / 49" kr. 129.900,- / 55" kr. 149.900.-**

**Samsung** HW-K661
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. **Verð frá 99.900,-**



**Samsung** HW-J6510
300w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. **Verð frá 99.900,-**



**Samsung** HW-J7511-R
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. **Verð frá 149.900,-**





**Samsung**
**R-1** MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu.
**Verð frá 32.900,-**



**Samsung**
**R-3** MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
**Verð frá 47.900,-**



**Samsung**
**R-6** MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
**Verð frá 64.900,-**

## SAMSUNG
### K5505




LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót

**32" kr. 64.900.- / 40" kr. 89.900.- / 49" kr. 119.900,- / 55" kr. 149.900.-**

## SAMSUNG
### KU6405/6475




UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43" kr. 119.900.- / 49" kr. 149.900.- / 55" kr. 179.900.- / 65" kr. 309.900.-**

## SAMSUNG
### KU6655/6505




UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43" kr. 129.900.- / 49" kr. 159.900.- / 55" kr. 189.900.- / 65" kr. 309.900.-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Gengur í suðaustanhvassviðri eða -storm með rigningu í dag, en hægara og úrkomulítið norðaustanlands. Hlýnandi veður.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 2° |
| ↗ 14 | ↑ 17 | ↑ 12 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 5° | -1° |
| ↑ 15 | ↗ 12 | ↑ 20 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 1° | 2° |
| ← 19 | ← 12 | ← 13 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 6° | 1° |
| ↖ 13 | ← 18 | ↖ 18 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hefðarkona
6. vörumerki
8. flíkur
9. kúgun
11. tveir eins
12. lægst
14. duglaus
16. fæddi
17. kjafi
18. kvabb
20. tveir eins
21. nabbi

**LÓÐRÉTT**
1. lofttegund
3. frá
4. skikkja
5. sigað
7. dynkur
10. svelgur
13. stykki
15. leiktæki
16. rjúka
19. tveir eins



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. dama, 6. ss, 8. föt, 9. oki, 11. tt, 12. neðst, 14. latur, 16. ól, 17. kló, 18. suð, 20. ll, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. óson, 3. af, 4. möttull, 5. att, 7. skellur, 10. iða, 13. stk, 15. róla, 16. ósa, 19. ðð.

### Skák Gunnar Björnsson

Stefán Orri Davíðsson (1.374) átti leik gegn Manuel Ermachenkov (1.531) á alþjóðlegu móti í Benidorm á Spáni. Ermachenkov var ekki á verði þegar hann lék **39.… h5??**



**Hvítur á leik**
**40. Hh8! Hxa7 41. Hh7+ Ke6 42. Hxa7 1-0.**
Stefán Orri fór mikinn á mótinu en hann sigraði í flokki 10 ára og yngri. Hann og bróðir hans, Óskar Víkingur, koma með samtals 322 skákstig í farteskinu frá Spáni.
**www.skak.is:** Friðriksmót Landsbankans á laugardaginn.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | 6 | 9 |
| 9 | | | 2 | 6 | | 5 | | |
| 2 | | 7 | | 9 | | | 1 | 4 |
| | | | | | 8 | | | 3 |
| | 9 | | | 7 | 4 | | 8 | 1 |
| | 4 | 3 | | | | 7 | | |
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| | 5 | | | 8 | 2 | | | |
| | 2 | | 7 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | 4 | | 2 | 6 | 8 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 5 | | | 1 | | 7 | | |
| | | | | | 4 | 8 | 2 | |
| 8 | 1 | 4 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | | 6 | | | |
| 4 | | | | 7 | | 5 | 1 | |
| | 3 | | | | | | | 2 |
| 6 | | 9 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | | 7 | | 6 | | 8 | 2 |
| 4 | | | | | | | | |
| 9 | 7 | | 4 | | | | 3 | |
| 5 | 4 | 6 | | | | | 9 | |
| | | | | 9 | | 1 | | |
| 1 | | 4 | | | 8 | | | |
| | 3 | | 9 | | | | | 7 |
| | 8 | | | | | | 5 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 1 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 3 |
| 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 2 | 5 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 4 | 7 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 1 | 3 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 | 4 |
| 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 4 |
| 1 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 |
| 4 | 5 | 6 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 4 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 3 | 2 | 1 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 8 | 9 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 |
| 7 | 3 | 4 | 9 | 1 | 8 | 2 | 6 | 5 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 | 9 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




**PHILIPS**

**Philips 55PUS6031**
55" Ultra HD LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160 upplausn. Hágæða sjónvarp útbúið öllum helstu tæknimöguleikum eins og Micro Dimming Pro, Netflix í 4K, 700 Hz PPI og Miracast.

NETFLIX 4K

VERÐ **109.995** FRÁBÆRT VERÐ



JBL — FJÖLDI LITA

**JBL GOBLACK**
Lítill og nettur þráðlaus bluetooth v4.1 hátalari með stórum hljómi. Notar Lithium hleðslurafhlöðu (5 klst. Ending) og getur tekið við símtölum. USB kapall fylgir.

VERÐ **2.895** FRÁBÆRT VERÐ




**Medisana 45110**
Vekjari með ljósi sem vekur þig blíðlega með hljóði eða útvarpi. Þú velur úr 7 litum af vaxandi birtu. Baklýstur LCD skjár og FM útvarp. 2 vekjarar með Snooze möguleika.

VERÐ **8.995** FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA — Hunda nammi!

**Melissa 16310189**
Búðu til þitt eigið hunda-nammi. 750W grill fyrir hundakökur. Hægt að gera 4 stk í einu. Viðloðunarfríar grill-plötur, lætur vita með ljósi þegar réttu hitastigi er náð. Uppskriftabók fylgir.



VERÐ **3.995** FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA




**Medisana 88560**
Andlitsbursti og andlitshreinsisett með 2 stillingum. Hreinsar húðina á 60 sek. 3 burstar og taska fylgja. Notar 2AA rafhlöður.

VERÐ **4.995** FRÁBÆRT VERÐ




wilfa

Wilfa CC1KAKE
1000W kramarhúsajárn með stillanlegum hita. Viðloðunarfrítt. Ljós logar þegar vafflan er tilbúin. Má geyma upprétt.

VERÐ **8.995** FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA



**Melissa 16310179**
Vacuum pökkunartæki. Nett og einföld í notkun. Snúrulaus. Notar 6 AA rafhlöður. Margnota pokar fylgja 3 x 22x21 sm og 2 x 26x28 sm.

VERÐ **4.995** FRÁBÆRT VERÐ

MEDISANA® made for Life

**Medisana 88550**
Snyrtispegill með LED hringljósi. Hægt að snúa með 5x stækkun öðru megin. Notar 4 AAA rafhlöður. 2 in 1




VERÐ **5.995** FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

**Melissa 16310176**
SOUS VIDE vacumsuðutæki fyrir alla potta. Dælir vatni í 360°. LED skjár. Nákvæm hitastýring frá 5-100°C. Nákvæmni uppá 0,1°C. Tímastillir (allt að 99 klst).



VERÐ **17.995** FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

**Melissa 16310178**
Súkkulaði fondue pottur sem bræðir allt að 600 ml. Keramik pottur, auðvelt að taka í sundur og hreinsa. Úrval fylgihluta fylgja með í kaupunum. Frábært í veisluna.



VERÐ **3.995** FRÁBÆRT VERÐ

MEDISANA® made for Life

**Medisana 60300**
Air lofthreinsitæki sem hreinsar ryk, lykt, frjókorn og bakteríur. LED rykljós. Mjög hljóðlátt. Sjálfvirkar dag- og næturstillingar. Antibacterial particulate filter.



VERÐ **9.995** FRÁBÆRT VERÐ

Ariete

**Ariete 189**
Kleinuhringjajárn fyrir 7 kleinuhringi. Viðloðunarfritt yfirborð. Lætur vita með ljósi þegar hringir eru tilbúnir. Hægt að geyma lóðrétt.



VERÐ **5.995** FRÁBÆRT VERÐ

**Jólareikningur**
*EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR*
0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.

**Heimilistæki** ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




Eyrarrósin 2017
AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM

Eyrarrósin verður veitt í þrettánda sinn í febrúar næstkomandi. Viðurkenningin er veitt fyrir framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins (á starfssvæði Byggðastofnunar). Markmið Eyrarrósarinnar er að beina sjónum að og hvetja til menningarlegrar fjölbreytni, nýsköpunar og uppbyggingar á sviði menningar og lista.

Sex verkefni verða valin á Eyrarrósarlistann og þrjú þeirra munu hljóta tilnefningu til Eyrarrósarinnar ásamt peningaverðlaunum. Handhafi Eyrarrósarinnar hlýtur verðlaun að upphæð 2 milljónir króna.

Frú Eliza Reid, forsetafrú og verndari Eyrarrósarinnar, afhendir verðlaunin.

*Umsóknum skal fylgja*
Lýsing á starfseminni/verkefninu
Starfsáætlun næsta árs og framtíðarsýn
Upplýsingar um aðstandendur
Fjárhagsáætlun og ársuppgjör síðasta heila starfsárs

Umsóknarfrestur er til miðnættis **15. janúar 2017** og verður öllum umsóknum svarað. Þær skulu sendar með tölvupósti til Listahátíðar í Reykjavík á netfangið eyrarros@artfest.is

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði Eyrarrósarinnar **www.listahatid.is/eyrarrosin**

BYGGÐASTOFNUN · FLUGFÉLAG ÍSLANDS · Listahátíð í Reykjavík






„Bókargerðin var mjög skemmtileg. Ég var líka með svo gott samstarfsfólk,“ segir Eva Rún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ævintýrabragur á hlutunum en sögusviðið íslenskt

## Hvað gerist þegar hugarflugið verður að alvöru afli? Um það fjallar sagan Lukka og hugmyndavélin eftir Evu Rún Þorgeirsdóttur.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Það er ævintýrabragur á hlutunum en samt er sögusviðið rammíslenskt,“ segir Eva Rún Þorgeirsdóttir, rithöfundur og jógakennari, um nýja bók sína Lukka og hugmyndavélin sem hún ætlar einkum sjö til ellefu ára börnum. „Mér finnst gaman að skrifa fyrir þann aldurshóp, ég hef verið að kenna honum ritlist og þekki það að krakkar á þessum aldri eru gríðarlega skapandi. Svo vita þeir líka svo margt,“ útskýrir hún og lýsir efni bókarinnar lauslega. „Uppfinningastelpan Lukka er ekkert hress með að þurfa enn einu sinni að fara með foreldrum sínum og bróður í vinnuferð út á land. En hugarflug Lukku verður að alvöru afli þegar óvæntir atburðir gerast, eins og í rólega bænum Smáadal þar sem mörg hundruð kindur hverfa í skjóli nætur.“

Lukka og hugmyndavélin er ríkulega myndskreytt bók, þökk sé Loga Jes Kristjánssyni sem hefur fengist við að teikna frá unga aldri, er útskrifaður grafískur hönnuður úr bandarískum skóla en starfar nú hjá Ríkislögreglustjóra. „Við Logi erum félagar og vinir en erum að fást við ólíka hluti dags daglega, hann í löggunni og ég að kenna jóga. Samt bæði að reyna að bæta heiminn og eigum það sameiginlega áhugamál að búa til gott efni fyrir börn,“ segir Eva Rún.

Teikning úr bókinni.



> **VIÐ LOGI ERUM FÉLAGAR OG VINIR EN ERUM AÐ FÁST VIÐ ÓLÍKA HLUTI DAGS DAGLEGA, HANN Í LÖGGUNNI OG ÉG AÐ KENNA JÓGA. SAMT BÆÐI AÐ REYNA AÐ BÆTA HEIMINN OG EIGUM ÞAÐ SAMEIGINLEGA ÁHUGAMÁL AÐ BÚA TIL GOTT EFNI FYRIR BÖRN.**

Myndirnar eru nostursamlegar pennateikningar og þær eru margar. „Við erum að reyna að ná til ungra lesenda sem eru vanir myndmáli en ekki farnir að leggja í stóru skáldsögurnar. Þó mikið gerist í sögunni þá eiga myndirnar að hjálpa börnum að halda athyglinni,“ segir Eva Rún sem kveðst þegar farin að leggja línurnar að framhaldi. Hún hefur farið milli skóla að undanförnu og lesið upp fyrir nemendur 1. til 4. bekkjar. „Börnin hlusta með mikilli eftirvæntingu og ég vel æsispennandi kafla enda er Lukka og hugmyndavélin spennubók,“ segir hún. gun@frettabladid.is



Hin portúgalska Maria João Pires er heimsþekktur píanisti. MYND/MARTIN BEILING

# Dauðinn skammt undan í síðustu sónötum

**Tónlist**

**Píanótónleikar**

★★★★☆

**Maria João Pires flutti verk eftir Beethoven og Schubert.**

**Norðurljós í Hörpu**

**Sunnudaginn 11. desember**

Heimsfrægur píanisti kom fram á tónleikum í Norðurljósum í Hörpu á sunnudaginn. Þetta var hin portúgalska Maria João Pires. Tvær sónötur voru á efnisskránni, sú fyrsta eftir Beethoven og sú síðasta eftir Schubert. Byrjum á þeirri fyrrnefndu.

Heyrn Beethovens byrjaði að dala fyrir þrítugt, og hann var orðinn heyrnarlaus þegar hann samdi mörg mögnuðustu verk sín, eins og t.d. níundu sinfóníuna. Eins og gefur að skilja var heyrnarleysið gríðarlegt áfall, og olli miklum innri átökum sem gegnsýrðu verk tónskáldsins. Venjulega er þessu skipt í þrjú tímabil. Hið fyrsta var áður en heyrnarleysið gerði vart við sig, og allt gekk eins og best varð á kosið í lífi Beethovens. Á öðru tímabilinu snerist tónsköpun hans um heyrnarleysið og örlögin, náttúruna, vilja Guðs, manninn og alheiminn. En í verkum þriðja tímabilsins er að finna uppgjör, nýja lífssýn og sátt, sem þó er stundum lituð dökkum litum.

Þetta er svo áberandi í síðustu píanósónötunni í c-moll. Þar gengur mikið á, en niðurstaðan er ýmist friðsæl eða fagnandi, þrátt fyrir að sorgin sé aldrei langt undan. Pires spilaði fyrri kafla verksins af hamsleysi, en sá seinni var yndislega blátt áfram og eðlilegur. Styrkleikabrigðin í leiknum voru gríðarlega mikil, allt frá ofurveikum, fölum litbrigðum yfir í magnaða hápunkta.

Síðari kaflinn hefst á söng sem síðan verður að tilbrigðum. Þau verða stöðugt glaðlegri, en svo nær friðurinn yfirhöndinni. Það er einhver eilífðarstemning sem maður hlýtur að tengja við þá staðreynd að Beethoven átti aðeins nokkur ár eftir ólifuð þegar hann samdi tónlistina. Pires útfærði þetta af kostgæfni. Hún féll aldrei í þá freistingu að teygja lopann, eins og stundum vill verða. Flæðið í túlkuninni var fullkomlega eðlilegt. Lokastefið, skreytt endalausum trillum, var svo upphafið og himneskt að það var einfaldlega dásamlegt.

Síðasta sónatan í B-dúr eftir Schubert var líka yfirleitt falleg í meðförum Pires. Minni hennar var að vísu ekki óskeikult. Upphafsstefið var ekki alveg rétt og það munaði minnstu að Pires færi út af á einum stað í síðasta þættinum. Annar kaflinn vakti jafnframt ákveðnar efasemdir. Schubert átti bara tvo mánuði ólifaða þegar hann samdi sónötuna, og það finnst best í þessum kafla, sem er afar jarðarfararlegur. Um leið er hann eitt hið fegursta sem tónskáldið samdi. Hann byggist á tregafullum söng, sem er skreyttur síendurtekinni hendingu. Pires sleppti pedalanum, sem gerði hendinguna þurra og óþarflega áberandi. Þetta var ekki sannfærandi. Tónlistin virkaði of úthugsuð, hún fékk ekki að vera hún sjálf.

Annað í sónötunni var hins vegar forkunnarfallegt. Fyrsti kaflinn var t.d. einstaklega draumkenndur og þar, rétt eins og í Beethoven voru styrkleikabrigðin ákaflega áhrifarík. Sömu sögu er að segja um þriðja og fjórða kaflann, sem voru glaðlegir, en þó þrungnir andstæðum, akkúrat eins og tónlistin átti að hljóma.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Oftast sérlega mögnuð túlkun á Beethoven og Schubert.



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
THE WARRIORS GATE
SÝND KL. 5.40

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
BAD SANTA 2
SÝND KL. 8, 10.45

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
VAIANA
SÝND KL. 5.40

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
HACKSAW RIDGE
SÝND KL. 8, 10

FANTASTIC BEASTS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
SÝND KL. 6, 9

SAMBÍÓIN SAMbio.is

LÍKLEGA BESTA JÓLAGRÍNMYND Í HEIMI
OFFICE CHRISTMAS PARTY
Jason Bateman
Jennifer Aniston
T.J. Miller
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

JÓLATEIKNIMYNDIN Í ÁR
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FROZEN OG ZOOTROPOLIS
96%
VAIANA
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Frá J.K. Rowling, höfundi Harry Potter.
75%
FANTASTIC BEASTS AND WHERE TO FIND THEM
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

FRÁ LEIKSTJÓRA FORREST GUMP, CAST AWAY OG FLIGHT
BRAD PITT MARION COTILLARD
ALLIED
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 5:40 - 8 - 10:20
OFFICE CHRISTMAS PARTY VIP KL. 5:40 - 8 - 10:20
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:30
VAIANA ÍSL TAL 3D KL. 5:30
VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 5:30 - 8 - 10:30
ALLIED KL. 8 - 10:40
FANTASTIC BEASTS 3D KL. 8 - 10:45
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5
THE ACCOUNTANT KL. 8 - 10:45
ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 5:40 - 8 - 10:20
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:30
ALLIED KL. 8 - 10:30
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 6 - 9
THE ACCOUNTANT KL. 8
DOCTOR STRANGE 2D KL. 5:30 - 10:40

SAMBÍÓIN AKUREYRI
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 8 - 10:20
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40
ALLIED KL. 10:45
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5:15 - 8

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 8 - 10:20 - 10:45
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40
ALLIED KL. 5:20 - 8
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5 - 8
LIGHT BETWEEN OCEANS KL. 10:40

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
OFFICE CHRISTMAS PARTY KL. 8 - 10:20
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40
VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 8
ALLIED KL. 10:20
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5:15

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

### 13. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Jóladjassdjamm Flosasonfjölskyldunnar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á þessu djasskvöldi Kex hostels kemur fram kvartett feðginanna Sigurðar Flosasonar saxófónleikara og Önnu Grétu Sigurðardóttur píanóleikara en með þeim leika þeir Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þau munu flytja eigin djassútgáfur af þekktum jólalögum, innlendum sem erlendum.

**Hvað?** Jólatónleikar – Karítas Harpa og Kolbrún Lilja
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Eyrarbakkakirkja
Karítas Harpa og Kolbrún Lilja spila jólin inn á Eyrarbakka í kvöld. Aðgangseyrir er undir hverjum og einum kominn.

**Hvað?** Lúsiutónleikar
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Seltjarnarneskirkja
Að vanda stendur Sænska félagið á Íslandi fyrir Lúsíuhátíð með tónleikum í Seltjarnarneskirkju. Stjórnandi kórs og hljómsveitar frá 1991 er Maria Cederborg sem kallar saman hóp barna og fullorðinna á hverju hausti til að undirbúa Lúsíuhátíðina. Boðið verður upp á kaffi, piparkökur og lussekatter eftir tónleikana. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Hátíðartónleikar Eyþórs Inga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ísafjarðarkirkja
Eyþór er án efa einn af okkar fremstu söngvurum í dag. Hann hefur einnig getið sér gott orð fyrir að vera mögnuð eftirherma. Hér er á ferðinni létt, hugljúf og jólaleg kvöldstund þar sem Eyþór kemur fram einn síns liðs, með píanóið, gítarinn og röddina að vopni. Sérstakir gestir eru kórar úr heimabyggð á hverjum stað fyrir sig.


Sveinn Kjartansson matreiðslumaður kennir fólki að elda vegan í Norræna húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Lúðrasveit Reykjavíkur – Amerísk sveifla á persneskum markaði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Lúðrasveit Reykjavíkur heldur stórtónleika í Kaldalónssal Hörpu þann 13. desember. Fyrri helmingur tónleikanna verður helgaður söngleikjatónlist, ættaðri frá Bandaríkjum Norður-Ameríku. Eftir hlé verður skipt um gír og haldið á framandi slóðir. Meðal annars verður komið við á persneskum markaði, hlýtt á pasa doble, tangó og slavneska dansa. Sérstakir gestir á tónleikunum verða meðlimir úr karlakórnum Bartónum. Miðaverð 2.500 krónur.

**Hvað?** Lúsíuhátíð Kvennakórsins Emblu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Akureyrarkirkja
Kvennakórinn Embla heldur Lúsíuhátíðina heilaga í Akureyrarkirkju í dag. Stjórnandi er Roar Kvam og píanóleikari er Helga Kvam. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Tekið er við frjálsum framlögum.

**Hvað?** Borgardætur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Árlegir jólatónleikar Borgardætra á Rosenberg eru á sínum stað. Miðaverð er 5.500 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Green Screen: Minimalism
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Reykjavík City Hostel, Sundlaugavegi
Á Reykjavík City Hostel eru sýndar heimildarmyndir sem tengjast umhverfisvernd. Í kvöld verður sýnd myndin Minimalism.

**Hvað?** Lúsía
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu
Hefðbundin sænsk Lúsíuganga í Norræna húsinu, sænska félagið kemur og syngur jólalög.

**Hvað?** Vegan matreiðslunámskeið
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu
Sveinn Kjartansson, matreiðslumeistari og eigandi Aalto Bistro, kennir fólki að elda vegan. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Stafrænar íþróttir, hvaðan koma peningarnir?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Hádegisfundur um stafrænar íþróttir, eða E-sports. Ólafur Hrafn Steinarsson frá Riot Games opnar fundinn með kynningu á markaðinum sem þrífst í kringum stafrænar íþróttir. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Sykurlausir jóladesertar og konfekt
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Gló, Fákafeni
Júlía Magnúsdóttir heldur þetta námskeið um hvernig skal framreiða hágæða „sætindi“ án sykurs. Verð 8.990 krónur.

**Hvað?** Góðir gestir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókasafn Reykjanesbæjar
Sigmundur Ernir mætir í bókasafnið og les úr Allt líf mitt er tilviljun. Fulltrúar bókaforlagsins Lesstofunnar kynna bókina Jón lærði og náttúrur náttúrunnar eftir Viðar Hreinsson, sem les upp úr bókinni. Gestir geta svo spurt spurninga um bækurnar og fengið þær áritaðar.

**Hvað?** Jól á Lofti
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Jól í Kallafjöllum, jólasaga eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur. Hún flytur söguna sjálf ásamt óperusöngkonunni Alexöndru Chernyshovu.


Eyþór Ingi þenur raddböndin á Ísafirði í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Captain Fantastic ........ 17:30
Slack Bay ........ 17:30
Eiðurinn ENG SUB ........ 17:45
Absolutely Fabulous: the movie ........ 20:00
Grimmd ........ 20:00
Innsæi ........ 20:00
Nahid ........ 22:00
Gimme Danger ........ 22:15
Embrace of the Serpent ........ 22:00



DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# Hver er þinn DRAUMASÓFI?





## TAMPA
U-sófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 315 x 215/143 cm.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **149.900 kr.**



## MEGA
U-sófi

Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 382 x 240/166 cm.

**Fullt verð: 299.900 kr.**

Aðeins **229.900 kr.**



## TAMPA
tungusófi

Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga. Stærð 240 x 143 cm.

**Fullt verð: 119.900**

Aðeins **89.900 kr.**

## CLASSIC
þriggja
sæta
sófi



Slitsterkt áklæði – rauður og grár.
Stærð: 200 x 90 cm H: 100 cm.

**Fullt verð: 149.900 kr.**

Aðeins **119.900 kr.**

**JÓLAOPNUN**
Laugard. 17. des. 11-18 | Sunnud. 18. des. 12-18
19. og 20. des. 10-18 | Miðvikud. 21. des. 10-20
Fimmtud. 22. des. 10-20 | Föstud. 23. des. 10-22
Aðfangadagur 10-13 | **www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*



**TIMELESS**

Stórskemmtilegir spennuþættir um þríeyki sem ferðast aftur í tímann og freistar þess að koma í veg fyrir þekkta glæpi sögunnar og þar með gjörbreyta heimssögunni eins og við þekkjum hana.

ÞRÆLGÓÐUR **ÞRIÐJUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

**NOTORIOUS**

Hressilegir spennuþættir um hörkukvendið Julie sem framleiðir vinsæla fréttaþætti og hinn úrræðagóða lögfræðing Jake sem svífst einskis til að fá sínu framgengt.



**BLINDSPOT**

Hörkuspennandi þættir um Jane Doe sem er aftur gengin til liðs við FBI eftir þriggja mánaða pyntingar sem hún slapp naumlega frá.



**LUCIFER**

Stórskemmtileg sería um hinn illa Lucifer sem snýr aftur en hann vill verða betri maður en áður. Hann kynnist Ellu Lopez og þá breytist allt.



**TED 2**

Ted er yfir sig ánægður með sinni heittelskuðu og þau langar að eignast barn. Vandamálið er bara það að Ted virkar ekki sem skyldi og þau þurfa hjálp.



**THE WIRE**

Gregg, Herc, Carver og Freamon gera talsvert magn eiturlyfja upptækt. Bunk og McNulty elta uppi annað vitni að Grant-morðinu og koma Omari og gengi hans til aðstoðar.



Krakka stöðin

**BARNAEFNI ALLA DAGA**

**Kl. 07:00-20:30**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Jóladagatal Afa**
**07.05 Simpson-fjölskyldan**
**07.30 Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**07.50 The Middle**
**08.10 Mike & Molly**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 First Dates**
**11.05 Drop Dead Diva**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 X-factor UK**
**13.45 X-factor UK**
**15.05 X-factor UK**
**15.55 Planet's Got Talent**
**16.20 Simpson-fjölskyldan**
**16.45 Jóladagatal Afa**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 The Goldbergs** Gamanþáttaröð sem gerist á níunda áratug síðustu aldar og fjallar um fjöruga fjölskyldu sem er ekki alveg eins og fólk er flest. Sögumaðurinn er 11 ára og tekur allt sem fram fer á heimilinu upp á myndbandsupptökuvél.
**19.45 Anger Management** Fimmta syrpa þessara skemmtilegu gamanþátta með Charlie Sheen í aðalhlutverki og fjallar um Charlie Goodson, sem er skikkaður til að leita sér aðstoðar eftir að hafa gengið í skrokk á kærasta fyrrverandi eiginkonu sinnar.
**20.15 Timeless** Spennandi þættir um ólíklegt þríeyki sem ferðast aftur í tímann og freistar þess að koma í veg fyrir þekkta glæpi sögunnar.
**21.00 Notorious** Hressilegir spennuþættir sem fjalla um hörkukvendið Julie sem framleiðir vinsæla fréttaþætti og hinn úrræðagóða lögfræðing Jake sem svífst einskis til að fá sínu framgengt.
**21.50 Blindspot**
**22.35 Lucifer**
**23.25 Black Widows**
**00.10 Divorce**
**00.35 Pure Genius**
**01.20 Nashville**
**02.05 The Brink**
**02.40 NCIS**
**03.25 11/22/63**
**04.15 Legends**
**05.00 Covert Affairs**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15 Messan**
**08.45 Chelsea - WBA**
**10.30 Watford - Everton**
**12.15 Stjarnan - Snæfell**
**13.45 Körfuboltakvöld**
**15.25 Leicester City - Man. City**
**17.10 Messan**
**18.40 Premier League Review**
**19.35 Everton - Arsenal**
**21.45 Þýsku mörkin**
**22.15 Bournemouth - Leicester**
**23.55 UFC Now 2016**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Arsenal - Stoke City**
**08.45 Swansea City - Sunderland**
**10.30 Premier League World**
**11.00 Messan**
**12.30 Hull City - Crystal Palace**
**14.20 Burnley - Bournemouth**
**16.05 Bayern Munchen - Wolfsburg**
**17.50 Liverpool - West Ham**
**19.35 Man. Utd. - Tottenham**
**21.20 Southampton - Middlesbrough**
**23.05 Premier League Review**
**00.00 Þýsku mörkin**
**00.30 Everton - Arsenal**

## STÖÐ 3

**17.30 Mike and Molly**
**17.55 The Big Bang Theory**
**18.20 New Girl**
**18.45 Modern Family**
**19.10 Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**19.45 Office Xmas Party**
**20.35 Last Man on Earth**
**21.00 Schitt's Creek**
**21.25 The Americans**
**22.15 The Wire**
**23.15 Klovn**
**23.45 The Mentalist**
**00.30 Legends of Tomorrow**
**01.10 Flash**
**01.55 Office Xmas Party**
**02.45 Last Man on Earth**
**03.05 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur**
**09.00 Ævintýri Tinna**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Stóri og Litli**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Víkingurinn Viggó**
**10.13 Kormákur**
**10.25 Strumparnir**
**10.47 Mæja býfluga**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Ævintýri Tinna**
**13.25 Hvellur keppnisbíll**
**13.37 Stóri og Litli**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Víkingurinn Viggó**
**14.11 Kormákur**
**14.23 Strumparnir**
**14.45 Mæja býfluga**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00 Ævintýri Tinna**
**17.25 Hvellur keppnisbíll**
**17.37 Stóri og Litli**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Víkingurinn Viggó**
**18.11 Kormákur**
**18.23 Strumparnir**
**18.45 Mæja býfluga**
**19.00 Fillinn Horton**

**Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47**



## GOLFSTÖÐIN

**08.30 Franklin Templeton Shootout**
**11.30 Franklin Templeton Shootout**
**14.30 Franklin Templeton Shootout**
**18.30 Golfing World**
**19.20 PGA TOUR Year in Review**
**20.10 BMW Championship**
**23.10 Golfing World**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00 Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant**
**12.40 Elsa & Fred**
**14.15 Ocean's Twelve**
**16.20 Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant**
**18.05 Elsa & Fred**
**19.50 Ocean's Twelve** Sjálfstætt framhald myndarinnar Ocean's Eleven. Hún segir frá Danny Ocean sem safnar saman hóp af þjófum og svikahröppum í New York. Þaðan liggur leið þeirra til Amsterdam, Róm og Parísar þar sem þrjú stór rán liggja fyrir en það reynir á kænsku hópsins að yfirstíga þær hindranir sem á veginum verða.
**22.00 Ted 2** Ted hefur svo sannarlega náð að höndla hamingjuna og er hæstánægður með að vera kominn í hnapphelduna með sinni heittelskuðu Tami-Lynn. Næsta skref er að eignast barn. Fyrsta vandamálið við það er hins vegar að einhver þarf að gefa þeim sæði því það sem Ted hefur að bjóða virkar ekki sem skyldi. Og auðvitað kemur bara einn sæðisgjafi til greina, John Bennett, hver annar? En þá kemur annað vandamál í ljós. Til að egg Tami-Lynn verði frjóvguð þarf Ted að sanna að hann hafi það sem til þarf til að ala upp barn.
**00.00 Arthur Newman**
**01.40 Numbers Station**
**03.10 Ted 2**

## RÚV

**13.25 Góð jól**
**13.30 Downton Abbey**
**15.05 Tékkland - Rúmenía**
**16.55 Íþróttaafrek**
**17.10 Ekki bara leikur**
**17.35 Táknmálsfréttir**
**17.45 KrakkaRÚV**
**17.46 Jóladagatalið - Sáttmálinn**
**18.13 Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons**
**18.45 Góð jól**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Jól með Price og Blomsterberg**
**20.40 Herra Sloane**
**21.10 Castle**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Fallið**
**23.25 Horfinn**
**00.25 Kastljós**
**01.00 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 America's Funniest Home Videos**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Biggest Loser**
**09.45 The Biggest Loser**
**10.30 Síminn + Spotify**
**13.20 Dr. Phil**
**14.00 The Good Place**
**14.20 Kitchen Nightmares**
**15.05 Life In Pieces**
**15.25 American Housewife**
**15.50 Survivor**
**16.35 The Tonight Show**
**17.15 The Late Late Show n**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Younger**
**20.15 Jane the Virgin**
**21.00 Code Black**
**21.45 Madam Secretary**
**22.30 The Tonight Show**
**23.10 The Late Late Show**
**23.50 CSI. Cyber**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


KLASSÍSKT ROKK EINS OG ÞAÐ GERIST BEST!
Miðasala hefst á morgun
DÚNDURFRÉTTIR
FLYTJA CLASSIC ROCK
SÉRSTAKUR GESTUR EIRÍKUR HAUKSSON
ELDBORG 29. APRÍL - VALASKJÁLF 5 MAÍ - HOF 6. MAÍ
MIÐASALA Á HARPA.IS- TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50



Skartgripahönnuðirnir Orri Finnbogason og Helga G. Friðriksdóttir fögnuðu sinni nýjustu línu á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Anna Baldvinsdóttir og Gabríela Friðriksdóttir létu sig ekki vanta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kristín Gunnarsdóttir og Katrín Ella Jónsdóttir skemmtu sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Orri og Helga buðu í kokteil

Það var margt um manninn í kokteilboði á Jacobsen Loftinu á föstudaginn þegar nýjasta lína Orrafinn var kynnt til leiks. Sú lína heitir Milagros sem er spænska og þýðir „kraftaverk“. Sömuleiðis voru ljósmyndir Sögu Sigurðardóttur afhjúpaðar í boðinu en á myndunum eru gripir nýju línunnar í aðalhlutverki.



Heiða Svavars og Eva kynntu sér nýjungar Orrafinn.



Victoría Björk og Halldór Sörli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kormákur Friðriksson og Ben Moody. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





DEVOLD®
Í SKÍTAKULDA OG ÖSKRANDI ROKI
ERU DEVOLD MERINO ULLARUNDIRFÖTIN LAUSNIN.
EXPEDITION
HALF ZIP WOMAN
13.990.KR
DUO ACTIVE
HALF ZIP NECK WOMAN
12.990.KR
EXPEDITION
HALF ZIP MAN
13.990.KR
EXPEDITION
WOMAN LONG JOHNS
12.990.KR
DUO ACTIVE
WOMAN LONG JOHNS
11.990.KR
DUO ACTIVE
MAN SHIRT
11.990.KR
DUO ACTIVE
MAN LONG JOHNS FLY
11.990.KR
EXPEDITION
MAN LONG JOHNS
12.990.KR
ELLINGSEN
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550















Þær Þórdís Erla Zoëga, Elísabet Alma Svendsen og Sigþóra Óðinsdóttir komu nýlega inn í Islanders-teymið og opnuðu vefgallerí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

# Gera myndlist sýnilegri með nýju vefgallerí i

Nýjasta viðbótin við vefsíðuna Islanders er vefgallerí þar sem íslenskri myndlist er gert hátt undir höfði. Þær **Þórdís Erla Zoëga**, **Elísabet Alma Svendsen** og **Sigþóra Óðinsdóttir** hafa umsjón með henni.

Hugmyndin með Islanders Gallery er að vera með sýningar sem eru einungis aðgengilegar á netinu að sögn Þórdísar Erlu. „Í upphafi hverrar sýningar verðum við með opnun í raunheimi sem mun standa í einn til tvo daga en svo í framhaldi mun hún lifa á netinu. Ef áhugi er fyrir hendi getur fólk haft samband við okkur og við komum því í samband listamanninn. Við erum ekki bundin við eitt tiltekið gallerírými heldur getum verið með sýningar víðsvegar, sem henta þá hverri sýningu,“ útskýrir Þórdís og bætir við að verkefnið fari vel af stað en það var myndlistarmaðurinn Kristinn Már Pálmason sem reið á vaðið með fyrstu sýningu Islanders Gallery.

Opnunin á sýningu Kristins, sem ber heitið Go Pink Yourself, fór fram í einstöku húsi við Brekkugerði sem arkitektinn Högna Sigðurðardóttir hannaði. „Við höfum fengið gífurlega góð viðbrögð við galleríinu og opnunin gekk vonum framar. Gestum fannst spennandi að fá að upplifa list í svona sérstöku húsi. Við höfum fundið fyrir því að rekstrarform sem þetta er kærkomin tilbreyting frá hinu hefðbundna formi. Sýningar í óhefðbundnum rýmum er nálgun sem fólk er almennt hrifið af.“



Verk eftir Kristin Má Pálmason.

### Myndlist verður aðgengilegri á netinu

Þórdís telur að með auknu aðgengi muni áhugi fólks á myndlist aukast. „Myndlist hefur færst mikið yfir á netið, þar er allt aðgengilegt öllum stundum. Sýningar sem eru sýndar í raunheimi fá í framhaldi að lifa á netinu þannig að þetta er aðgengilegri vettvangur. Við erum að taka þetta á næsta stig og leyfa sýningunni frekar að standa á netinu, en fólki sem hefur áhuga á að fá að skoða verkin með eigin augum er velkomið að hafa samband og kíkja í kaffi til okkar og listamannsins. Það er mikilvægt að nýta bæði sviðin, að fólk geti upplifað myndlistina og komist í návígi við myndverkið en einnig að það sé í boði að auðvelda aðgengi og þá kemur vefurinn sterkur inn. Hvor vettvangurinn styrkir hinn. Við teljum að með aðgengilegri vettvangi verði myndlistin sýnilegri og þannig aukast líkur á að áhugi kvikni hjá fólki.“

Aðspurð út í fyrirkomulagið segir Þórdís að planið sé að láta hverja og eina sýningu standa í þrjá mánuði í senn á netinu þar sem verkin eru til sölu. „Hver sýning fær svo sína „raunheims“-opnun á nýjum og spennandi stað. Það er leyndarmál hvar næsta opnun verður haldin en okkar stefna er að finna alltaf áhugaverð rými sem passa hverjum listamanni fyrir sig. Við teljum að þetta fyrirkomulag muni auka áhuga fólks þar sem upplifunin og skynjunin verður alltaf mismunandi eftir staðsetningu.“

Áhugasamir geta fylgst með áframhaldi Islanders Gallery á vefslóðinni www.islanders.is/the-gallery.

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



MOUNT
HEKLA

FJÄLL RÄVEN
patagonia
POLER

101 REYKJAVÍK SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 12 S. 578 - 6090

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



# Jólaprófatöfrar

Nú á ég menntaskólastúlku sem les fyrir próf og dæsir. Vafrar um, opnar og lokar eldhússkápum og dæsir hærra. Horfir á okkur hin jólastússast brostnum augum og fer aftur inn í herbergi að læra. Lætur sig dreyma um jólahreingerningu. Við hin reynum að halda niðri í okkur jólagleðinni.

Þetta jólaprófaástand á heimilinu hefur kallað fram minningar. Og prófsöknuðurinn helltist yfir mig þegar ég var hjá afa um daginn og henti mér í sófann eftir að hafa borðað jólasmáköku eftir uppskrift ömmu. Kökubragðið í munninum og afalyktin af teppinu færði mig aftur til menntaskólaáranna þegar ég lærði fyrir próf inni á kontor hjá afa og ömmu. Jólasmákökurnar góðu voru í innsigluðu boxi (tvöfalt límband, alveg satt) og í frystinum voru sörur sem voru heilagri en kirkjuklukkurnar á aðfangadag. Ég stalst eins og lúmskur köttur í báðar sortir eftir hvern kafla. Svo óforskömmuð var ég að afföllin hafa vart farið fram hjá nokkrum manni. Ætli sönn ást sé að leyfa barnabarninu að stelast í fimmtíu klukkustunda bakstur án þess að skammast?

Verandi í menntaskóla bar ég að sjálfsögðu ómögulega ást í brjósti. Þannig að á fimm mínútna fresti hlustaði ég á Creep með Radiohead og grenjaði með hljóðum í hvert skipti sem Yorkinn minn söng „I want a perfect body, I want a perfect soul“ og var sannfærð um að enginn myndi nokkurn tímann elska mig.

Á meðan á þessu stóð þreif amma veggina fyrir hátíðirnar með ajaxblöndu sem myndi drepa tíu fiska í ferskvatni og afi horfði á enska boltann. Örugglega hristu þau bæði tvö hausinn yfir æsku landsins sem lá steinsofandi á dívaninum inni á kontór með grátbólgin augu. Undir afateppi með smjörkrem út á kinn og hálfa smáköku í hendinni. Í miðjum prófum. Örugg og alsæl.







